

**Mennta- og
menningarmálaráðuneyti:**

**Úttekt á
listdansskólum á
framhaldsstigi**

Desember, 2015

Hlíf Svavarsdóttir
Karen María Jónsdóttir
Unnar Hermannsson

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Niðurstöður og tillögur úttektaraðila	3
2.1	Tillögur úttektaraðila	5
3	Umgjörð framhaldsstigs í listdansi	7
4	Klassíski Listdansskólinn	12
4.1	Stjórnun og skipulag	12
4.2	Kennsla og námsframboð	13
4.3	Samskipti og líðan	15
4.4	Húsnæði og aðbúnaður	16
4.5	Rekstur og fjárhagur	17
4.6	Mat úttektaraðila	18
5	Listdansskóli Íslands	20
5.1	Stjórnun og skipulag	20
5.2	Kennsla og námsframboð	21
5.3	Samskipti og líðan	24
5.4	Húsnæði og aðbúnaður	25
5.5	Rekstur og fjárhagur	26
5.6	Mat úttektaraðila	27
6	Danslistaskóli JSB	29
6.1	Stjórnun og skipulag	29
6.2	Kennsla og námsframboð	30
6.3	Samskipti og líðan	32
6.4	Húsnæði og aðbúnaður	33
6.5	Rekstur og fjárhagur	33
6.6	Mat úttektaraðila	35
7	BRYN Ballet Akademían	37
7.1	Stjórnun og skipulag	37
7.2	Kennsla og námsframboð	38
7.3	Samskipti og líðan	41
7.4	Húsnæði og aðbúnaður	42
7.5	Rekstur og fjárhagur	43
7.6	Mat úttektaraðila	44
8	Heimildaskrá	46

1 Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum úttektar á starfsemi fjögurra listdanskóla á framhaldsstigi, Listdanskóla Íslands – Dansmennt (LÍ), Klassíska Listdanskólans (KL), Danslistaskóla JSB (JSB) og Bryn Ballett Akademiuna (BRYN). Úttektin er gerð á grundvelli 12. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og unnin með hliðsjón m.a. af almenna hluta aðalnámskrár framhaldsskóla 2011, listdans á listnámsbraut – sbr. aðalnámskrá framhaldsskóla 2006 og 30. gr. laga um fjárreiður ríkissjóðs nr. 88/1997. Úttektaraðilar voru valdir til verksins af mennta- og menningarmálaráðuneyti og unnu verkið á grundvelli verksamnings.

Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólanna með hliðsjón af ofangreindum lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemi þeirra. Í úttektinni skal m.a. lagt mat á eftirfarandi þætti:

- Stjórnun og skipulag
- Kennslu og námsframboð
- Samskipti og líðan
- Húsnæði og aðbúnað
- Rekstur og fjárhag

Verkið var unnið á tímabilinu 15. september – 10. desember 2015. Vettvangsheimsóknir fóru fram í október sl. og var gengið um húsakynni skólanna í fylgd stjórnenda. Viðtöl voru framkvæmd við alla helstu hagsmunaaðila og stóðu þau í 4-5 klst í hverjum skóla um sig. Viðtöl og val á viðmælendum höfðu verið undirbúin í samræmi við tilmæli ráðuneytis og nutu úttektaraðilar m.a. aðstoðar skólastjóra við skipulagningu vettvangsheimsókna. Vel var tekið á móti úttektaraðilum af stjórnendum skólanna og fóru viðtölin öll vel fram. Viðtölin voru hljóðrituð til

hægðarauka við vinnslu verksins og var hljóðritunum, sem og öðrum gögnum, eytt af úttektaraðilum við verklok.

Fyrirliggjandi gögn fengu úttektaraðilar send fyrir vettvangsheimsóknir frá stjórnendum skólanna. Voru gæði gagnanna almennt góð auk þess sem mikið af lykilgögnum voru þegar aðgengileg á heimasíðum skólanna sem eru mjög upplýsandi um starfsemi þeirra.

Úttektaraðilar voru í góðu sambandi við stjórnendur meðan á úttektinni stóð og fengu frekari upplýsingar eftir atvikum. Í samræmi við tilmæli ráðuneytis hafa skólastjórar fengið skýrslu þessa til yfirlestrar og athugasemda. Er það engu að síður að lokum í höndum úttektaraðila hvort og að hvað miklu leiti tekið er tillit til þeirra athugasemda sem fram kunna að koma.

Vilja úttektaraðilar þakka öllum viðmælendum og einkum stjórnendum fyrir afar gott samstarf á verktímanum. Er það von úttektaraðila að niðurstöður verkefnisins megi nýtast til að gera skólastarf enn betra. Til þess að auka nytsemi skýrslunnar fyrir alla hlutaðeigandi hafa úttektaraðilar haft að leiðarljósi að hafa skýrsluna eins hnitmiðaða og þeim er kostur, í stað málalenginga um atriði sem lesendum eru mögulega betur kunn en úttektaraðilum. Eftirfarandi niðurstöður byggja á faglegu og sjálfstæðu mati úttektaraðila sem þeir einir bera ábyrgð á.

2 Niðurstöður og tillögur úttektaraðila

Gott og gróskumikið starf er unnið í listdansskólunum fjórum á framhaldsstigi, BRYN, JSB, Klassíska Listdansskólanum (KL) og Listdansskóla Íslands (LÍ). Mikill áhugi og umhyggja fyrir framgangi listdansins skín í gegnum starfsemina og endurspeglast bæði í viðhorfi stjórnenda og kennara, sem og nemenda. Ljóst er að umgjörð framhaldsstigsins hefur verið í mótun og jafnvel umróti nokkur undanfarin ár einkum með nýjum áherslum um rekstrarform og fyrirkomulag náms, kröfum nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla auk togstreitu um fullnægjandi fjármögnun og/eða rekstrarforsendur listdansskólanna.

Saga LÍ er að miklu leyti samofin uppbyggingu listdanskennslu hérlendis. Byggir starfsemi skólans því á ríkri hefð einkum hvað varðar klassískan listdans. Mikilvægt er fyrir LÍ að viðhalda skarpri framtíðarsýn með reglulegu endurmati/stefnumótun, þ.e. gæta að því að hefðin verði ekki helsta sérstaðan, og gæta jafnframt áfram jafnvægis á milli nútíma- og klassísku brauta. Formlegur aðskilnaður LÍ frá LHÍ (eigandi LÍ gegnum Dansmennt), sem forsvarsmenn skólans hafa stefnt að undanfarin misseri, gæti verið tækifæri til að skerpa enn frekar á sérstöðu LÍ og hvetja úttektaraðilar stjórnendur og stjórnvöld til að hraða þeirri vinnu eftir megni. Mikilvægt er þó að gæta ávallt að því að mögulegar breytingar tryggi jafnræði allra listdansskóla á framhaldsstigi.

Segja má að líkindi séu með JSB og KL að því leyti að starfsemi þeirra hvílir á áratuga uppbyggingarstarfi stofnenda skólanna (Báru og Guðbjargar). Áherslur þeirra eru ólíkar, með jazzballettinn (nútímadans) sem grunnstef í allri starfsemi JSB á meðan grunnur KÍ liggur frekar í klassískum listdansi sem þó hefur þróast úti mjög öflugra nútímadeild einnig. Báðir þessir einkaskólar hófu kennslu á framhaldsstigi þegar tækifæri til þess bauðst fyrir um áratug. Að mati úttektaraðila er starfsemi beggja skóla á framhaldsstigi til fyrirmyndar og uppfyllir gildandi kröfur sem gerðar eru til slíks náms, líkt og við LÍ.

BRYN er sá skólanna fjögurra með skemmsta rekstrarsögu og byggir ekki starfsemi framhaldsdeildar á áratuga grunni danskennslu líkt og hinir skólarnir þrír.

Yfirstandandi starfsár (2015/2016) er til að mynda fyrsta árið sem skólinn nýtur greiðslu frá ráðuneytinu á grundvelli nemendaígilda á framhaldsstigi (5 ársígildi). Að mati úttektaraðila er óraunhæft að ætlast til þess af stjórnendum BRYN að byggja upp nám á framhaldsstigi sem uppfyllir gildandi kröfur á grundvelli núverandi fjármögnunar. Annað hvort þarf að fjölga nemendaígildum umtalsvert hið fyrsta eða þróa áherslur og námsframboð í aðrar áttir. Hallast úttektaraðilar að seinni kostinum.

Úttektaraðilar telja mikilvægt að stjórnvöld móti skýr opinber viðmið um hvaða forsendur teljist nauðsynlegar til að uppfylla núgildandi kröfur um framhaldsstig í listdansi. Ljóst er að forsvarsmenn skólanna fjögurra, sem og kjarnaskólans í listdansi (MH), telja framhaldsstigið undirfjármagnað við núverandi aðstæður. Skýr samhljóða krafa kom einnig fram um að huga að tryggari fjármögnun á grunnstigi listdansins, þá væntanlega í samráði við forsvarsmenn sveitarfélaganna. Samhliða ofangreindri stefnumótun telja úttektaraðilar áhugavert að huga sérstaklega að fjármögnun 1. hæfnisþreps á framhaldsstigi, t.d. með fjárstuðningi við valáfanga á framhaldsstigi. Þetta gæti verið sérstaklega áhugavert fyrir BRYN, sem og aðra skóla sem sýnt hafa góðan árangur á grunnstigi, t.a.m. á landsbyggðinni.

Mikilvægt er að endurskoða eða skerpa á núverandi umhverfi listdansskóla á framhaldsstigi, einkum með því að skýra hlutverk (ábyrgð og skyldur) og boðleiðir milli skólanna og MH, sem og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Úttektaraðilar telja ekki þörf á að grundvallarbreyting verði gerð á þeim fjölda nemenda (ársígilda) sem njóta stuðnings ár hvert í kerfinu, hins vegar þurfi að endurskoða rekstrarforsendur að baki hverjum nema (væntanlega til hækkunar) og byggja síðan úthlutun á skýrum opinberum viðmiðum, sbr. að ofan. Jafnframt er hvatt til aukins samráðs og samskipta (formlegra sem óformlegra) á milli aðila. Ætti það að styrkja enn frekar það góða starf sem nú þegar er unnið hérlandis í listdansi á framhaldsstigi.

2.1 Tillögur úttektaraðila

- Stjórnvöld móti almenn, opinber viðmið um þær kröfur sem skólar þurfa að uppfylla til þess að fá fjármögnun í formi ársnemaígilda í listdansi á framhaldsstigi. Jafnframt er lagt til að ákveðinn lágmarksfjöldi ígilda verði hafður til hliðsjónar við úthlutun til hvers skóla, þarsem bæði stofnkostnaður og fastur rekstrarkostnaður er umtalsverður í þessu sérhæfða námi. Til viðbótar því að skapa skýrari umgjörð um rekstrarfyrirkomulag námsins, ætti aukið gagnsæi að styrkja grundvöll fyrir aukin og bætt samskipti og samráð á milli viðkomandi skóla, við kjarnaskóla (MH) og mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Skerpt verði á núverandi skipulagi listdansins á framhaldsstigi, einkum hlutverki MH sem kjarnaskóla, þannig að hlutverk, ábyrgð hvers aðila og boðleiðir verði skýrari. Hvatt er til aukins samstarfs listdansskólanna við kjarnaskóla, t.d. varðandi ýmsa stoðþjónustu á borð við námsráðgjöf og annan stuðning við listdansnema.
- Endurskoða þarf rekstrarforsendur fyrir listnámi á framhaldsstigi. Úttektaraðilar telja ekki þörf á að ársnemum (ígildum) á framhaldsstigi verði fjölgað, en skýrt kom fram hjá öllum forsvarsmönnum skóla sem úttekt þessi nær til, sem og MH, að rekstrarfé til námsins er ófullnægjandi. Rekstrartölur og fjárhagsstaða, líkt og hún birtist í ársreikningum skólanna, benda eindregið til þess sama. Úttektaraðilar leggja því til að greining verði unnin á raunkostnaði við námið, og greiðsla þr ársnema endurskoðuð í kjölfarið. Samhliða mætti íhuga hvort t.d. stuðningur í formi húsnæðisívilnana komið til greina sem hluti stuðnings, líkt og þekkist t.d. í tónlistarnámi.
- Skýrt kom fram að skortur á fjárhagslegum stuðningi ætti ekki síður við grunnstig en framhaldsstigið í listdansi. Stjórnvöld eru því hvött til að styðja við alla viðleitni sveitarstjórnarstigsins í þá átt.

- Lagt er til að við mögulega endurskoðun listdansnáms á framhaldsstigi verði sérstök áhersla lögð á að virkja svokallað fyrsta hæfnisþrep skv. aðalnámskrá, t.d. með fjárstuðningi við valáfanga á framhaldsstigi í listdansi. Gæti það bæði stutt við smærri skóla sem erfitt eiga með að uppfylla gildandi kröfur aðalnámskrár framhaldsskóla, sem og þá skóla sem nú starfa á grunnstigi t.d. utan höfuðborgarsvæðisins sem áhuga kynnu að hafa á að bjóða nemendum sínum uppá valáfanga á 1. hæfnisþrepi í listdansi í heimabyggð.
- Mikilvægt er að rýna hvaða áhrif almenn stytting náms til stúdentsprófs í þrjú ár hafi á sérnám á borð við listdans. Skýrt kom fram hjá öllum hagsmunaaðilum að með breytingunni fyrir núverandi námsár hafi náminu í listdansi verið ýtt enn seinna á daginn (með lengingu stundaskráa í framhaldsskólum landsins) og lengra fram á kvöld. Starfsdagur nemenda varð því enn lengri og líkamlegt álag einnig, mögulega á tímum þegar líkaminn er ekki sem móttækilegastur fyrir því álagi sem fylgir krefjandi listdansnámi á framhaldsstigi. Mikilvægt er að taka þessi sjónarmið listdansskólanna til athugunar og leita leiða til að auka sveigjanleika kerfisins með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.
- Lagt er til að komið verði á fót formlegum samráðsvettvangi forsvarsmanna listdansskóla á framhaldsstigi, mögulega með fulltrúum kjarnaskóla. Slíkt ætti að leiða til aukinnar umræðu t.d. um gæði náms, viðmiða í námsmati í samræmi við aðalnámskrá og fleira. Jafnframt eru skólastjórnendur listdansskólanna hvattir til aukinna óformlegra samskipta um það mikla og góða starf sem nú fer fram innan veggja skólanna.

3 Umgjörð framhaldsstigs í listdansi

Menntaskólinn við Hamrahlíð (hér eftir nefndur MH), er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim, en hlutverk framhaldsskóla er jafnframt tilgreint í viðkomandi lögum. MH starfar eftir skólasamningi sem gerður er við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Í samningnum sem undirritaður var 1. janúar 2013 eru megináherslur skólans tilgreindar. Þar segir að markmið skólans séu velgengni brautskráðra nemenda og að skólinn sé fyrirmynd um framsækna kennslu, góða stjórnslu og rækt við menningu og listir. Skólinn rekur tónlistarbraut og sérverkefni eins og Hamrahlíðarkórinn. Hann er einnig kjarnaskóli í listdansi en samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 hefur kjarnaskóli forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir og aðstoða aðra skóla og fyrirtæki við umbætur í kennslu og þjálfun á viðkomandi sviði.

Að sögn stjórnenda skólans hefur dansbraut verið rekin innan MH í tæpa tvo áratugi eða síðan 1997. Stofnað var til brautarinnar á sínum tíma fyrir tilstilli foreldra sem vildu tryggja börnum sínum gott bóklegt nám samhliða námi í listdansi. Listdansbraut var felld inn í svipað mót og tónlistarbraut skólans þáverandi. Listdansnemendur hafa því frá upphafi útskrifast sem stúdentar og þannig átt valkost á fleiri en einni tegund háskólanáms að framhaldsnámi loknu. Skólinn hefur frá upphafi verið stoltur af dansbrautinni, og staðið vörð um tilvist hennar, enda listdansnemendur bæði góðir og duglegir námsmenn og skólanum til sóma.

Umhverfi listdansskóla var umbylt árið 2005 þegar rekstrarformi Listdansskóla Íslands sem þá var ríkisskóli var breytt og fleiri listdansskólum gefinn kostur á að sækja um viðurkenningu og fjárstuðning frá hinu opinbera. Sem kjarnaskóli í listdansi gerir MH þjónustusamning í dag við þrjá listdansskóla í Reykjavík, eftir tillögum mennta- og menningarmálaráðuneytisins þ.e. Listdansskóla Íslands - Dansmennt (hér eftir nefndur LÍ), Klassíska listdansskólann (hér eftir nefndur KL) og Danslistaskóla JSB (hér eftir nefndur JSB) auk BRYN ballett akademíunnar (hér eftir nefnd BRYN) sem staðsett er á Ásbrú í Reykjanesbæ. Samningurinn byggir á því að

skólarnir séu viðurkenndir sem einkaskólar á framhaldsskólastigi sbr. 12. gr. laga um framhaldsskóla.

Staðan á viðurkenningum og samningun við listdansskólana fjóra er þann 16. desember 2014 sú að viðurkenningar KL, JSB og BRYN eru útrunnar og hafa þegar þessi skýrsla er gefin út enn ekki verið endurnýjaðar. Viðurkenning LÍ rennur út 21. desember 2015. Vegna þessa hafa svokallaðir styrktarsamningar verið gerðir við skólana fjóra. MH greiðir krónur 1.420.000 með hverjum ársnemanda en samkvæmt samningi teljast einungis þeir nemendur til ársnemenda sem leggja stund á að lágmarki 17 einingar á ári í sérgreinum listdansnámsins á framhaldsskólastigi skv. aðalnámskrá framhaldsskóla. Aðrar greiðslur og fjárskuldbindingar verksala eru verkkaupa óviðkomandi.

Fjöldi ársnemenda í listdansi á framhaldsstigi 2013-2015:

	2013		2014		2015
	ársnemendur	virkir í námi	ársnemendur	virkir í námi	ársnemendur virkir í námi
LÍ	45	36,6	45	36,5	36
JSB	17	38,8	17	45,2	21
KL	17	15,2	17	16,8	17
BRYN					5
Samtals	79	90,6	79	98,5	79

Árið 2013 fékk LÍ greitt fyrir 45 ársnemendur en virkir í námi voru 36,6; árið 2014 fékk hann greitt fyrir 45 ársnemendur en 36,5 virkir; og árið 2015 fékk skólinn greitt fyrir 36 ársnemendur. JSB fékk árið 2013 greitt fyrir 17 ársnemendur en hafði 38,8; 2014 fékk hann greitt fyrir 17 ársnemendur en hafði 45,2; og árið 2015 fékk skólinn greitt fyrir 21 ársnemenda. KL fékk árið 2013 greitt fyrir 17 ársnemendur en hafði 15,2 virka; 2014 fékk hann greitt fyrir 17 ársnemendur en hafði 16,8; og árið 2015 fékk skólinn greitt fyrir 17 ársnemendur. BRYN fékk árið 2015 í fyrsta sinn greitt fyrir 5 ársnemendur.

Að sögn stjórnenda MH hefur sá fjöldi ársnemenda sem greitt er með í listdansnámi á framhaldsskólastigi verið sá sami frá upphafi eða 79 ársnemendur. Auk þess sem skipting ársnemenda milli skóla hafi verið sú sama allt til ársins 2015 þegar LÍ missti 9 ársnemendur þar sem skráðir ársnemendur voru færri en þeir fengu greitt fyrir. Þeim ársnemendum hafi verið skipt milli JSB (4) og BRYN (5). Að sögn stjórnenda er mikilvægt að skoða hvernig og á hvaða forsendum fjölda ársnemenda sé útdeilt til skóla og hvernig haga eigi stjórnsýslunni í því samhengi. Hér þurfi að gæta jafnræðis. Fjárveitingar komi ekki endilega með viðurkenningu en mikilvægt sé að ákveða á hvaða forsendum nýr skóli geti fengið fjárveitingar, hvaða sjónarmið eigi að gilda, þá sérstaklega ef heildarfjöldi ársnemenda eigi ekki að auka.

Kostnaðurinn við rekstur listdansskóla var á sínum tíma reiknaður af mennta- og menningarmálaráðuneytinu út frá grunni þáverandi Listdansskóla Íslands en fljótt varð ljóst að fjárveitingar voru mjög naumar. Mikilvægt er að rýnt verði í kostnaðinn við rekstur listdansnáms á framhaldsskólastigi á ný og lágmarksgreiðslur tryggðar í samræmi við raunkostnað þannig að þeir skólar sem gerðir séu samningar við fái raunhæfan rekstrargrunn og geti haldið uppi faglegu starfi. Á hinn bóginn blasir við að ekki er raunhæft að hefja rekstur listdansnáms á framhaldsstigi nema ákveðið lágmark skráðra nemenda sé fyrir hendi. Að sögn stjórnenda MH er rekstur skólanna sem hann á í samstarfi við erfiður, og greiða þeir allir með námi á framhaldsstigi með einum eða öðrum hætti til að vega upp tap. Hér hafi neikvætt samspil hluta myndast sem erfitt sé að vinda ofan af nema með nýjum útreikningum og rekstrarforsendum.

Samkvæmt samningum MH við skólana kaupir verkkaupi (MH) kennslu kjörsviðsgreina í listdansi af verksala (listdansskólum), fyrir nemendur á listnámsbraut í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla, sem og fyrir þá nemendur sem fá slíkt nám metið til eininga í frjálsum vali til lokaprófs. Til viðbótar við verklega kennslu setur MH samkvæmt samningi þær skyldur á herðar verksala að hann setji starfsemi sinni skólanámskrá í samræmi við reglugerð nr. 426/2010 og skv. ákvæðum aðalnámskrár (almenna hluta). Skal skólanámskrá einnig vera í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla í listdansi á listnámsbraut. Verksala er

auk þess gert að leitast við að skipuleggja kennslu þannig að hún falli sem best að öðru námi nemenda við skólann. Kennsla skal fara fram í sérhæfðu húsnæði sem uppfyllir faglegar kröfur til kennslu í listdansi, en allar breytingar á aðstöðu þurfa að tilkynnast til verkkaupa. Verksala er til viðbótar gert að innleiða aðferðir til innra mats samkvæmt 41. gr. laga um framhaldsskóla. Í samningi er ábyrgð verksala tilgreind en hann ber fulla ábyrgð á úrlausn verkefnisins gagnvart nemendum og starfsmönnum skólans, birgjum og verkkaupa.

Á sínum tíma var rætt hvort listdanssögukennsla ætti fara fram innan MH og vera sameiginleg fyrir dansskólana. Hinsvegar hafi ekki náðst samhljómur á milli skólanna um hvert inntak sögunnar átti að vera, hversu marga áfanga átti að kenna, hvenær dags kennslan átti að fara fram og hver átti að kenna. Því fari nú listdanssögukennslan fram innan hvers skóla fyrir sig sem sé rekstrarlega óhagkvæmt. Mikilvægt sé í dag að fara vel ofan í saumana á því hvort ekki sé hægt að komast hér að samkomulagi um tilhögun kennslunnar þannig hún rúmist innan MH.

Samkvæmt samningi MH við skólana fjóra, skuldbinda þeir sig til að móta og innleiða sameiginlegt gæðakerfi. Erfitt hefur reynst að koma þessum lið samningsins í framkvæmd samkvæmt stjórnendum MH. Í eldri aðalnámskrá hafi falist kerfi til að meta áfangana frá skólunum en með nýju námskránni sé flóknara að meta hvaða áfangi sé á hvaða þrepi. Of lítil samhljómur sé á milli skólanna, sem meti áfangana hver með sínum hætti, sem sé í lagi en verði að vera innan ákveðins ramma. Hvaða aðili eigi að meta hvort samræmi sé á milli staðsetningu áfanga milli skóla er t.d. ekki ljóst. Allir skólarnir vinna gott starf að mati forsvarsmanna MH, en mikilvægt er að kanna möguleika á utanaðkomandi sérfræðiaðstoð, sérstaklega í tengslum við nýju aðalnámskrána og hæfniviðmið í henni. Þar sem forsvarsmenn MH búi ekki yfir sérþekkingu á listdansi sérfræðiaðstoð nauðsynleg til að tryggja lágmarksrýni fagaðila inn í skólana, og koma auga á atriði sem mögulega þarf til úrbóta.

Staða MH í umboðskehðjunni er nokkuð óskýr þ.e. hvaða skyldur skólinn hefur og hvaða ábyrgð, og þá gagnvart hverjum. Hlutverk og ábyrgð MH er ekki tilgreind í samningnum við listdansskólana að öðru leyti en því að annast innritun og halda

nemendaskrá yfir þá nemendur sem staðist hafa inntökupróf og fengið skólavist. Jafnframt að hafa milligöngu um greiðslur til listdansskólanna, en framlag sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ákveðið til listdansskennslu vegna umsaminnna nemenda listdansskóla er fært á MH og greitt viðkomandi skóla skv. samningi. Ráðuneytinu er einnig heimilt að fara fram á ytra mat á starfsemi listdansskólanna og kanna aðstæður þar sem verkefnið er unnið.

Ofangreind staða endurspeglast í upplifun stjórnenda MH á hlutverki skólans gagnvart listdansskólunum á framhaldsstigi sem segja að mikilvægt sé að viðurkenna hver staðan sé og skýra stjórnarsýslulega stöðu hans. Að forminu til sé námi á framhaldsskólastigi í listdansi útvistað frá MH til einkaskólanna sem halda ennþá sínu sjálfstæði. Ætti stjórnarsýslan í kringum námið því einnig að hvíla á herðum MH en raunin er þó hins vegar sú að miðstýring er mikil innan úr mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Endurspeglast það meðal annars í því að ráðuneytið sendir MH fyrirmæli um hvaða skóla eigi að semja við og hversu marga ársnemendur hver skóli fær. Framlag til skólanna er jafnframt reiknað hjá ráðuneytinu og renna greiðslurnar til skólanna frá ráðuneytinu aðeins í gegnum MH. MH fær fyrirmæl eftir að ráðuneytið er búið að semja við listdansskólana og er gert að fylgja þeim. MH hefur því hvorki upplýsingar um hvernig matið á listdansskólunum fer fram né útreikningar á fjölda ársnemenda. Í upphafi hafi ráðuneytið einnig séð um undirritun samningana við skólana en það sé breytt í dag. Ofangreint setur MH í óljósa stöðu gagnvart listdansskólunum.

Er það upplifun stjórnenda MH að listdansskólarnir sjái skólann því ekki sem raunverulegan samningsaðila. Skólanámsskrár eru til að mynda sendar fyrst til mennta- og menningarmálaráðuneytis áður en forsvarsmenn MH berji þær augum. Á sama hátt leita listdansskólarnir til ráðuneytisins með fyrirspurnir og erindi er varða rekstur listdansnámsins en ekki til MH.

4 Klassíski Listdansskólinn

4.1 Stjórnun og skipulag

Klassíski Listdansskólinn (KL) er einkarekinn dansskóli, stofnaður 1993 af Guðbjörgu Astrid Skúladóttur, sem á að baki langan feril á sviði listdansins. Skólinn hóf starfsemi í janúar 1994. Guðbjörg er skólastjóri og eigandi Klassíska Listdansskólans (að helmingi í gegnum félagið Nortran ehf.).

Samkvæmt námskrá skólans 2015-2016, skipa fimm einstaklingar stjórn skólans, þrír tilnefndir af eiganda (núverandi skólastjóra), einn tilnefndur af kennurum og annar er fulltrúi nemenda. Núverandi stjórnarmenn eru Guðbjörg A Skúladóttir, Theodór S. Sigurbergsson, Logi Jónsson, Guðrún Svava Kristinsdóttir (kennarafulltrúi) og Matthildur Soffía Jónsdóttir (nemendafulltrúi). Skólastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri skólans. Fulltrúi nemenda í skólastjórn er tengiliður nemenda við yfirstjórn skólans. Við skólann starfa um 12-14 kennarar að jafnaði auk 4-5 starfsmanna.

Hlutverk skólans er að veita þeim nemendum sem þess óska, alhliða þroska, menntun, efla virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi og þjálfun í listdansi með því að bjóða hverjum nemenda nám við hæfi á for-, grunn- eða framhaldsskólastigi.¹ Námið er fyrst og fremst ætlað þeim sem hafa hug á framhaldsnámi í listdansi og hugsanlega að hafa atvinnu af greininni. Nemendur sem hljóta inntöku í skólann skulu hafa lokið grunnskólanámi og hafa stundað nám í dansi í einhverju formi eða hafa einstaka ástríðu og metnað fyrir dansinum þannig að stjórnandi og kennarar skólans telji að nemandinn eigi möguleika á því að ná árangri. Námið í nútíma listdansi við Klassíska Listdansskólann er þróað í nánú samstarfi við kennara frá Trinity Laban School of Dancing í London, sem heldur árlega opin inntökupróf í Klassíska Listdansskólanum.

¹ Klassíski Listdansskólinn: Námskrá 2015-2016, bls 3.

Nám við skólann á framhaldsstigi (kennsluvið) er tvískipt; klassísk listdanssbraut og nútíma listdansbraut. Miðað er við þriggja ára námstímabil sem skiptist í sex 15 vikna annir. Yfirkennari/áfangastjóri er yfir hvorri námsbraut fyrir sig sem hefur umsjón með kennslu við skólann í samráði við skólastjóra og stýrir faglegu starfi. Stefnumótunar- og þróunarsvið annast námskrágerð, gæðamál, söfnun og miðlun upplýsinga, verkefnastjórn og samstarf/samvinnu við opinberar stofnanir og skóla. Þjónustusvið/skrifstofa hefur umsjón með daglegum rekstri, markaðssetningu og skráningum. Skólareglur eru í gildi í skólanum og koma þær m.a. fram á heimasíðu skólans.² Foreldrafélag var stofnað árið 2007 við skólann og velja foreldrar fimm manna foreldraráð sem og nemendaráð (NKL).³

Fjöldi ársnemenda á framhaldsstigi við skólann, samkvæmt gildandi samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti frá 2014, eru 17 sem er óbreyttur fjöldi frá fyrri samningi við ráðuneytið (2012). Í upphaf skólaársins 2015/16 voru 20 nemendur skráðir á framhaldsbraut KL.

Af viðtölum úttektaraðila að dæma er góður andi milli stjórnenda, starfólks, nemenda og foreldra og samskipti virtust góð. Viðtöl eru haldin reglulega með nemendum og foreldrar upplýstir og að eigin sögn með gott aðgengi að öllu starfi skólans.

4.2 Kennsla og námsframboð

Kennsla og nám fer fram á tveimur brautum við skólann. Klassískri braut og nútíma braut. Þekking, famennska og víðsýni eru lykilorð í starfinu og í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til dansarans í samtímanum. Rík áhersla er lögð á að þroska einstaklingsins jafnt sem dansarans, að nemendur læri að vera sjálfstæðir, skapandi og þenkjandi einstaklingar.

Úr viðtölum við kennara skólans má ráða að sýn skólastjóra á skólastarfið og tilgangur þess er mjög skýr. Þessari sýn deila fagstjórar og kennarar skólans með henni á sama tíma sem þeir fá rými og stuðning til að rækta hlutverk sitt og áherslur.

² <http://www.ballet.is/um-skolann/spurningar-og-svor>

³ <http://www.ballet.is/um-skolann/foreldrafelagie> og <http://www.ballet.is/um-skolann/nemendarad>

Kennarar skólans hafa góða og fjölbreytta menntun í listdansi sem gerir þá afar hæfa til að kenna þá áfanga sem settir eru fram í framsýnni skólanámskrá sem og tilfallandi námskeið sem í boði eru. Kennararnir hafa flestir einnig verið eða eru starfandi danslistamenn á alþjóðavettvangi sem er mjög jákvætt og sýnir þá sterku tengingu sem skólinn hefur við dansheiminn. Erlendir gestakennarar koma reglulega til starfa við skólann og eykur það faglegan styrk hans enn frekar, meðal annars frá hinum virta Trinity Laban Conservatoire of Music and Dance í London en KL hefur átt í traustum tengslum við hann árum saman.

Sú gagnkvæma virðing sem borin er fyrir starfi á hvorri brautinni fyrir sig er áþreifanleg og mikil og góð samvinna ríkir á milli nemenda og kennara. Þannig eru klassíska brautin og nútímabrautin ekki tveir aðskildir heimar. Kennarar vinna vel saman og reynt er að tengja á milli ólíkra áfanga til að skapa heildstætt nám. Rík áhersla er lögð á að nemendur læri hvor af öðrum. Litið er svo á að þetta skapi innsýn og dýpki skilning á danstækninni hvort heldur í ballett eða nútímadansi. Miklar kröfur eru gerðar til nemenda. Á sama tíma er unnið með styrkleika og veikleika hvers nemenda fyrir sig til að hámarka árangur. Þannig er stundaskrá skólans einnig opin og mega nemendur sækja aukatíma ef þeir vilja þvert á brautir til að ná frekari árangri.

Rík áhersla er lögð á skapandi hugsun, hvort sem er á klassískri eða nútímadansbraut skólans. Einnig er á báðum brautum talið mikilvægt að stuðla að persónulegri nálgun og tjáningu innan listdansins sem styrkir nemandann til að rækta með sér hæfileika sína og lítaflæði í því dansformi sem nemandinn hefur valið sér. Unnið er markvisst að því að styrkja tenginguna milli danstækninnar, tjáningar, sköpunar og einstaklingsbundnum eiginleikum hvers og eins nemanda.

Krafturinn og metnaðurinn sem einkennir kennslu og nám við skólann er áþreifanlegur í kennara- og nemendahópnum, hvort sem er á klassísku eða nútímadansbrautinni. Nemendur er meðvitaðir um hvað þeir eru að nema hverju sinni. Kynningu á inntaki og áherslum áfanga fer fram í upphafi hverrar annar fyrir sig. Þannig er skýrt í upphafi hvers áfanga hvað lagt er upp með og svo að lokum úr hverju verður prófað. Einkunnir eru gefnar í tölum auk þess sem hverjum nemenda

er veitt einstaklingsviðtal. Kennarar skólans kalla eftir því að einkunnagjöf verði samræmd milli listdanskóla í þeim tilgangi að búa til ytra aðhald fyrir þau sjálf. Sem aðhaldsaðgerð séu innlendir og erlendir prófdómarar reglulega sóttir útfyrir vegg KL.

Kennarar eru vel vakandi yfir velferð nemenda, fyrir heilsufari þeirra og mataræði. Unnið er með fyrirbyggjandi æfingar til að koma í veg fyrir meiðsli en einnig er vel fylgst með nemendum í kjölfar meiðsla og hvernig þeir hefja æfingar á ný. Bent er á að sú breyting sem átti sér stað í haust þar sem skóladagur framhaldsskólanna var lengdur valdi því að kennslan í listdansi byrji enn seinna dags en áður. Þetta bæði lengi og þyngi skóladaginn sem eykur hættuna á meiðslum í eins líkamlega krefjandi námi og listdans er. KL telur mikilvægt að halda í frelsi nemandans í vali til náms. Því vilji skólinn ekki skikka alla í nám á listdansbraut í MH sem eykur flækjustigið í stundatöflugerðinni. Kennarar skólans kalla eftir auknu samstarfi við framhaldsskólana hvað stundatöflugerð varðar svo að nemendur skólans geti stundað kjarnafög brautarinnar á tíma þar sem líkaminn er sem móttækilegastur.

4.3 Samskipti og líðan

Í stefnumörkun skólans er velferð nemenda áhersluatriði. Að sögn foreldra og nemenda ríkir góður andi innan veggja skólans. Foreldrar segja skólann annað heimili barnanna þeirra, þar hafi mikill vinskapur myndast og að samheldnin sé mikil. Notalegt og gott félagslegt umhverfi einkennir skólann. Foreldrarnir benda á að vegna stundaskrár eigi börnin þeirra lítið félagslíf fyrir utan listdansinn. Dansinn og allt sem honum viðkemur taki upp allan frítíma sem til aflögu er utan námsins við MH. Ef börnin eigi ekki vini innan hópsins í listdanskólanum sé mikil hætta á brottfalli. Félagslegur stuðningur sé mjög mikilvægur. Nemendur benda á þennan sama annmarka. Vegna nýlegra breytinga á menntakerfinu og þar með stundaskrá MH sé enn minni tími aflögu til dansnámsins en hefur verið fram að þessu. Þetta auki bæði andlegt og líkamlegt álag í dansnáminu. Nokkrir nemendur íhuga að stunda fjarnám eða bóklegt nám yfir sumarið til að létta róðurinn í listdansnáminu.

Foreldrar við skólann segja allar samskiptaleiðir opnar og gott aðgengi sé að kennurum og stjórnendum skólans. Auðvelt sé að fá viðtöl. Samtöl um framgang nemenda og hvað hægt sé að gera betur fari reglulega fram. Nemendur eru sama sinnis. Þeir telja starfið við skólann sé byggt á jákvæðri nálgun sem endurspeglar meðal annars í samskiptum kennara og nemenda. Auðvelt sé að nálgast kennara og að traust ríki á milli þeirra. Auðvelt sé að segja kennurum frá líðan eða viðra skoðanir sínar. Að mati nemenda er enginn greinarmunur gerður á brautum tveimur í stundaskrá eða öðru skipulagi skólans og þeirra tilfinning sé að allir eigi jafn mikla möguleika innan skólans, óháð námsbraut.

Foreldrar benda á skort á samheldni milli listdansskóla. Þetta skapi börnunum neikvæða upplifun af dansheiminum sem sé bagalegt, sérstaklega í ljósi smæðar listdanssamfélagsins. Þörf sé á viðhorfsbreytingu á þessum vettvangi.

4.4 Húsnæði og aðbúnaður

Húsnæði skólans er til fyrirmyndar. Tveir salir, einn minni og annar stærri, eru vel útbúnir með góðu fjaðrandi gólfi, gólfdukk, speglum og stöngum. Í stærri salnum er auk þess að finna píanó. Góð birta er í báðum söllum en annan þeirra er auk þess hægt að myrkva og er hann nýttur til sýningarhalds til viðbótar við daglega þjálfun. Til viðbótar er skólinn með aðstöðu til kennslu í Mjóddinni í Breiðholti, þar fer þó aðallega kennsla í grunndeildinni fram og einstaka áfangar í framhaldsdeildinni. Fyrir vorsýningar skólans í lok hvers skólaárs eru stærri salir leigðir til sýningarhaldsins eins og stóra svið Borgarleikhússins en því fylgir töluverður aukakostnaður fyrir skólann. Búningsklefar og sturtuáðstaða er góð. Setuáðstaða fyrir nemendur er hugguleg auk þess sem þeir hafa aðgang að vel útbúnu eldhúsi. Eins og víðar þyrfti skólinn að hafa yfir fleiri söllum að ráða. Vegna breytinga í stundatöflu MH er tími til kennslu svo takmarkaður að hún þarf að eiga sér stað samtímis, ellegar er kennt langt fram á kvöld sem ekki er hollt ungu fólki sem enn er að vaxa. Þetta háir starfseminni og er það aðkallandi að umræða milli MH og skólanna fari fram um hagræðingu stundaskrár.

4.5 Rekstur og fjárhagur

Þau gögn sem lágu til grundvallar stöðu rekstrar og fjárhags frá skólanum voru ársreikningar KL árin 2011-2013. Ársreikningur 2014 var ekki fyrirleggjandi. Líkt og fram kom í viðtölum við forsvarsmenn skólans hefur rekstur KL verið erfiður undanfarin ár, einkum árin 2011 og 2012, þó greina megi batamerki á árinu 2013.

Rekstrartekjur virðast nokkuð stöðugar í kringum 33-34mlSK á ári, að undanskildu 2011 þegar um 15% tekjusamdráttur virðist hafa orðið. Rekstrarafkoman hefur verið neikvæð á tímabilinu, fram til 2013 þegar hún er orðin jákvæð um 4% af tekjum. Bæði veltufjár- og eiginfjárlutföll eru mjög lág, og eiginfjárlutfall neikvætt frá 2011. Svo virðist sem tekist hafi að snúa við neikvæðri þróun árið 2013 sem kemur m.a. fram í rekstrarhagnaði (%) og handbæru fé frá rekstri, sem var sérstaklega neikvætt árið 2011 og einnig árið 2012.

Klassíski Listdansskólinn: Yfirlit rekstrar- og fjárhagskennitalna 2010-2013⁴:

	2010	2011	2012	2013
Tekjur:	33.558.556	28.395.239	33.187.344	34.283.774
Rekstrarhagnaður (%):	-6%	-31%	-11%	4%
Veltufjárlutfall:	0,92	0,05	0,04	0,08
Eiginfjárlutfall (%):	3,0%	< 0%	< 0%	< 0%
Handbært fé frá rekstri:	9.413.312	-8.721.264	-4.237.803	1.651.844
Handbært fé í árslok:	9.293.571	501.741	400.400	1.027.138

Að mati stjórnenda eru opinber framlög til framhaldsstigs, og ekki síður grunnstigs, í listdansi of lág. Úr því þurfi að bæta til þess að skapa megi ásættanlegan rekstrargrundvöll.

⁴ Ársreikningar Klassíska Listdansskólans 2011-2013.

4.6 Mat úttektaraðila

Klassíski Listdansskólinn er byggður upp af frumkvöðlinum Guðbjörgu Astrid Skúladóttur sem stýrt hefur skólanum af mikilli reisn frá upphafi eða í yfir tuttugu ár. Guðbjörg hefur sem stjórnandi sterka sýn á listdansmenntun og tilgang hennar sem endurspeglast í öllu námi og kennslu innan skólans.

Í skólanum eru starfræktar tvær námsbrautir, klassísk- og nútíma dansbraut, sem fela í sér og flétta saman hina margbrotnu þætti danslistarinnar. Sterk tenging kennara skólans við atvinnuvettvang listdansins og samtímaáherslur hans endurspeglast í framsýnum áherslum á báðum brautum skólans. Þær hafa annan lit og tón en aðrar sambærilegar brautir og skera sig þar með úr öðru námsframboði. Að mati úttektaraðila treystir skólinn sterkan tilverurétt sinn meðal annars með þessum hætti.

Að mati úttektaraðila er mikil meðvitund innan skólans um þær fjölþættu kröfur sem samtíminn gerir til danslistamannsins. Mikilvægt þykir að móta einstaklinginn sem virkan og ábyrgan þátttakanda í samfélaginu, sem gagnrýninn listamann og skapandi hugsuð samhliða því að þjálfá líkamann. Hið kerfisbundna stigveldi sem fyrirfinnst í ballettinum annarsvegar og staðsetningu nútímadansins undir honum hinsvegar er lagt á hliðina og danssamfélag dregið fram þar sem allir eru jafn mikilvægir í heildarmyndinni.

Skólinn býður upp hlýlegt námsumhverfi með björtum og fallegum danssölum. Eins og aðrir skólar hefði KL hag af því að búa yfir fleiri sölum þannig að allt nám gæti farið fram á einum stað og á dagtíma. Með því mætti minka andlegt og líkamlegt álag á nemendur og búa þeim fjölbreyttara félagslegt umhverfi. Eins og aðrir leigir skólinn svið í leikhúsi á hverju ári í þeim tilgangi að bjóða nemendum upp á fyrsta flokks sýningaraðstöðu en allt nám í listdansi á framhaldsskólastigi lýtur að því markmiði að sýna listdans á sviði í atvinnuleikhúsi.

Mikil tækifæri felast í samtali innan skólasamfélagsins þegar kemur að áframhaldandi uppbyggingu náms í listdansi. Áhyggjur eru innan Klassíska listdansskólans af þeirri togstreitu sem einkennir umhverfi listdansskóla og þeirri

neikvæðu upplifun sem hún skapi í hugum nemenda í listdansi. Kallað er eftir viðhorfsbreytingu á þessum vettvangi og hefur KL þegar haft frumkvæði af samtali milli skólanna þegar kemur að því að sameinast í þeirri vinnu sem framundan er þ.e. í skilgreiningu á nýjum hæfnisviðmiðum og hvað í þeim felast. Einnig leggur skólinn til að ytra aðhald verði aukið til að mynda með því að samræma staðla fyrir einkunnagjöf. Úttektaraðilar taka undir þessar áhyggjur og ábendingar og hvetja skólann til að halda áfram að hvetja til samtals og samstöðu milli skólanna. Á sama tíma verði skapaður vettvangur fyrir heilbrigða samkeppni. Athyglisvert væri í því samhengi að skoða hvort yfirfæra mætti það fyrirkomulag sem tónlistarskólar hafa tileinkað sér þar sem prófanefnd annast samræmt og hlutlaust mat á áfangaprófum í samræmi við þær kröfur sem gerðar er í aðalnámskrá tónlistarskóla.

Rekstrarumhverfi Klassíska listdansskólans, líkt og annarra listdansskóla á framhaldsstigi, hefur verið krefjandi. Að mati stjórnenda eru opinber framlög til framhaldsstigs í listdansi of lág til að tryggja ásættanlegan rekstrargrundvöll. Einnig þurfi að tryggja rekstrargrundvöll grunnnámsins með framlagi sveitarfélaga en grunn- og framhaldsstigið í listdansi mynda saman órjúfanlega heild innan skólans.

5 Listdansskóli Íslands

5.1 Stjórnun og skipulag

Listdansskóli Íslands (LÍ) er í eigu Dansmenntar ehf. Árið 2006 var rekstrarformi skólans breytt úr ríkisskóla í einkaskóla í eigu Dansmenntar, einkahlutafélags í eigu Listaháskóla Íslands (LHÍ). Listdansskóli Íslands varð til árið 1991 sem sjálfstæð ríkisstofnun á grunni starfsemi Listdansskóla Þjóðleikhússins sem stofnaður var 1952 og upphaflega stjórnað af Erik Biidsted ballettmeistara Þjóðleikhússins. Saga Listdansskóla Íslands er því samofin uppbyggingu listdansins hér á landi, þar sem einstaklingar á borð við Ingibjörgu Björnsdóttur unnu ómetanlegt starf við uppbyggingu danslistarinnar hérlendis. Við breytingu á rekstrarformi árið 2006 var Lauren Hauser ráðin skólastjóri og gegndi hún starfinu til vors 2009. Lára Stefánsdóttir var skólastjóri 2009-2012 og frá þeim tíma hefur núverandi skólastjóri, Guðmundur Helgason, gegnt starfi skólastjóra Listdansskóla Íslands.

Stjórn félagsins er skipuð þeim Fríðu Björk Ingvarsdóttur sem er jafnframt fulltrúi Listaháskóla Íslands, Helgu Völu Helgadóttur og Magnúsi Loftssyni og hefur stjórnin verið óbreytt frá árinu 2013. Stjórn ræður skólastjóra sem fer með daglegan rekstur skólans. Með skólastjóra starfar rekstrarstjóri sem hefur fjárhagslega umsjón. Jafnframt kemur stjórn að ráðningu kennara í samstarfi við skólastjóra, eftir atvikum. Við skólann starfa nú 5 fastir kennarar auk 11 stundakennara. Auk skólastjóra eru aðrir starfsmenn skrifstofustjóri og undirleikari. Fram kom í viðtali við stjórnendur skólans að á síðastliðnum tveimur árum hefði verið unnið að því að aðskilja rekstur Dansmenntar og Listaháskóla Íslands, enda væri það ekki hlutverk háskóla að reka nám á framhaldsskólastigi.

Í viðtölum úttektaraðila við stjórn og stjórnendur skólans kom fram að samstarfið gangi vel og samskipti virtust almennt mjög góð. Sama má segja um viðhorf kennara, nemenda og foreldra til stjórnenda. Það var jákvætt, aðgengi að stjórnendum virðist vera gott sem og samskipti almennt góð. Viðtöl eru haldin reglulega með nemendum og foreldrar virtust vel upplýstir og með gott aðgengi að

öllu starfi skólans. Þegar kemur að samskiptum við mennta- og menningarmálaráðuneytið eru það stjórnendur Dansmenntar sem reka mál Listdanskólans en ekki stjórnendur skólans. Góð samskipti eru þó til staðar við MH.

Listdanskóli Íslands hefur það að meginmarkmiði að mennta framtíðarlistdansara og undirbúa nemendur undir nám á háskólastigi. Jafnframt er það markmið skólans að veita þeim nemendum sem stunda námið sér til ánægju, framúrskarandi kennslu og innsýn í framtíðarmöguleika tengda dansinum. Námið á framhaldsskólastigi skiptist í tvær námsbrautir við skólann: Klassískan listdans og nútíma listdans. Í framhaldsdeildinni er mögulegt að ljúka námi á þremur árum en nemendur geta einnig valið að vera eina önn til viðbótar við skólann hafi þeir áhuga.⁵

Fjöldi ársnemenda á framhaldsstigi við skólann, samkvæmt gildandi samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti frá 2014, eru 36. Er það fækkun um 9 ársnemendur frá fyrri samningi frá 2012 (voru 45). Samkvæmt gögnum skólans eru nemendur á framhaldsdeild skólaárið 2015/2016 alls 42 talsins, þar af 27 í nútíma dansi og 15 í klassískum dansi. Skólareglur Listdanskóla Íslands voru síðast samþykktar af stjórn í nóvember 2010 og má m.a. sjá í skólanámskrá skólans. Foreldrafélag er starfrækt við skólann.

5.2 Kennsla og námsframboð

Kennslu innan Lí er skipt niður í tvær námsbrautir, klassíska ballettbraut og nútíma dansbraut. Er það sýn skólans að sögn starfsmanna að við útskrift hafi nemandinn bæði þroska og getu til að velja framhald í listdans, hafi opinn huga fyrir mismunandi stílum og stefnum, hafi sjálfstraust og sé góður og sterkur einstaklingur.

Skólinn byggir að sögn starfsfólks á tækni, sköpun og aga. Farið er eftir kennsluferfi sem byrjar í grunndeildum skólans og nær alla leið upp í gegnum framhaldsdeildirnar. Þannig er litið á nám við skólann sem eina heild frá upphafi náms í grunndeild til loka náms í framhaldsdeild. Síðustu árin hefur auk þess verið farin sú leið að getuskipta nemendum framhaldsdeildar í stað þess að láta þá fylgja

⁵⁵ Listdanskóli Íslands: Skólanámskrá, bls. 2.

sínum árgangi eða jafnöldrum. Er það gert til að hámarka árangur þeirra sem lengra eru komnir í náminu og veita hinum betri stuðning til að byggja undir grunninn. Að sögn skólastjóra skólans er megin munurinn á brautunum sá að nám á klassísku ballettbrautinni sé tæknilega sterkara, þar sé lögð áhersla á það að verða dansari. Ekki geti hinsvegar allir orðið klassískir dansarar og því sé sköpun mikilvæg. Á nútíma dansbrautinni fá nemendur því skapandi áfanga eins og danssmíði og kóreografíu í stað tásκόáfanga á klassísku brautinni.

Sýn kennara á nám og kennslu við Listdanskóli Íslands er sú að skólinn sé uppspretta dans á Íslandi. *“Hefðin, hún er hér!”*. Í viðtölum við stjórnendur skólans kemur fram að allavega einn skóli verði að vera fær um að setja saman námskrá sem tryggi nemendur upp á háskólastigið. Uppsetning náms innan Listdanskóla Íslands er mjög hefðbundið, sérstaklega á klassísku brautinni. Lögð er rík áhersla á sterka tæknilega getu og að vinna líkamann inn í það sterka form sem ballettinn er. Tekur það tíma, sem takmarkast af stundaskrá, frá öðrum mikilvægum þáttum ballettsins svo sem tjáningu. Að sögn kennara eru þeir meðvitaðir um þennan veikleika í náminu en ef fjármagn væri meira væri hægt að gera betur. Sá tími sem ætlaður er til kennslu dugi ekki til að þjálfra ballettdansara á þann hátt sem nútíminn krefst, til dæmis þegar kemur að tásκό og “pas de deux”. Kennarar skólans telji sig þó þegar reka nám á fjórða (4.) hæfnisþrepi, sérstaklega á efsta getustigi skólans sé miðað við nám í Listaháskóla Íslands.

Í upphafi hvers skólaárs er námsefnið og skipan skólastarfsins kynnt fyrir nemendum og foreldrum. Miðannarmat er svo undirbúningur fyrir próf í lok annar. Miðannarmatið er í formi viðtala þar sem rætt er um hvað vel er gert og hvað bæta þurfi en til viðbótar er rætt við nemendur um undirbúning prófanna við lok annar. Fagstjórar og skólastjóri sitja öll próf skólans en aðrir prófdómarar eru kennarar innan hans. Einkunnagjöf til nemenda er í formi tölu frá prófdómurum en til viðbótar fá þeir einkunn frá kennara hvers áfanga sem miðast við frammistöðu þeirra yfir alla önnina. Fyrir upphaf lokaársins tekur skólastjórinn nemendur í einstaklingsviðtöl þar sem farið er yfir stöðu nema, þann árangur sem þeir hafa náð frá upphafi náms, þreyttar einingar auk þess sem línan er lögð fyrir útskrift. Inntökupróf fara fram á báðar brautir. Inntökuprófin samanstanda af nútímadansi, spuna, ballett fyrir alla og

svo táskóm fyrir þá sem sækja um á klassíska braut. Kennarar og skólastjóri ráðleggja nemendum um val á braut og fá flestir nemendur inni á þeirri braut sem þeir velja sér. Þó kemur fyrir að nemendum sem ekki eru sterkir á táskóm er boðið að fara þá frekar á nútímabraut þar sem ekki reynir á táskótæknina. Einnig kemur reglulega fyrir að nemendur með engan bakgrunn á táskóm sækji um á klassískri braut en slíka nemendur er ekki mögulegt að taka inn á þá braut þar sem námið er á framhaldsstigi.

Að sögn foreldra er metnaður bæði kennara og nemenda mikill og viðveran í skólanum eftir því. Nemendur eru ánægðir með gæði námsins en kalla eftir meira vali í námsframboði svo sem í jazz dansi og styrktarþjálfun. Einnig mætti bæta leiðsögn kennara þegar kemur að vali á námi á háskólastigi.

Undirleikur í kennslustundum hefur verið stundaður innan skólans frá upphafi. Niðurskurður undanfarinna missera hafi þó bitnað mikið á honum og hefur ekki aðeins minnkað innan ballett áfanganna heldur fallið alveg niður innan nútímadansáfanganna. Lifandi undirleikur er þó sérlega mikilvægur þegar kemur að byggja undir gæði náms, þá sérstaklega þann hluta er snýr að hrynn og blæbrigðum í túlkun og framkvæmd hreyfinga.

Listdanskólinn beinir nemendum í framhaldsdeild í nám á listdansbraut við MH og stunda flestir nemendur LÍ þar nám. Þannig skapast möguleiki að flétta stundatöflu LÍ vel saman við nám í MH. Nemendur eru þannig í danstímum að morgni til eða rétt eftir hádegi, jafnt sem seinni part dags. Allri kennslu er lokið klukkan átta á kvöldin. Nemendur sem kjósa að stunda bóknámið í öðrum skólum en MH eiga í erfiðleikum með að sækja þá tíma sem finna má fyrir klukkan fimm á daginn. Ekki eru allir foreldrar sáttir við þetta. Telja þeir þetta fyrirkomulag auka brottfall, ekki aðeins frá grunnnámi yfir á framhaldsstig heldur einnig af framhaldsstiginu sjálfu þar sem nemendur geta ekki valið þann menntaskóla sem þeir helst vildu fara í og/eða ekki sótt tíma og falla þá á mætingu.

Velferð nemenda er mjög mikilvæg að sögn kennara skólans. Ef mál koma upp sem eru fyrir utan sérþekkingu kennara t.d. átröskun þá er það sent til fagaðila til meðhöndlunar. Kennarar skólans hafa auk þess áhyggjur af því álagi sem felst í því

að nemendur séu að fara húsa á milli til að sækja kennslu í einstaka áföngum, þar sem fjarlægðirnar eru töluverðar.

Kennarar skólans kalla eftir tækifærum til endurmenntunar. Sérstaklega þurfi að rækta áfram þá kennara sem taka við af eldri kynslóðinni, svo að þróunin verði eðlileg. Markviss endurmenntun myndi að sögn kennara bæta árangur nemenda enn frekar og auka gæði starfsins. Endurmenntun sé sérstaklega mikilvæg í ljósi þess að ekki sé lengur til fjármagn til að fá gestakennara inn. Í kjölfar niðurskurðar, í formi fækkunar ársnemenda, hafi áherslan verið lögð á að sinna kjarnastarfseminni sem fastakennarar og stundakennarar skólans sinni.

5.3 Samskipti og líðan

Bæði nemendur og foreldrar eru ánægðir með samskipti sín við kennara skólans. Að sögn nemenda er auðvelt að nálgast kennara skólans til að fá hjálp. Kennararnir hafi áhuga á nemendum sínum. Kennarar skólans eru meðvitaðir um að tíma taki að byggja upp traust milli nemenda og kennara, sérstaklega þeirra nemenda sem ekki hafi alist upp í skólanum í gegnum grunndeildina. Þetta traust vaxi með árunum og nemendur leiti í meira mæli til þeirra þegar líður á námið. Foreldrar við skólann eru einnig ánægðir með hversu auðvelt er að nálgast skólastjóra, en skrifstofa hans sé ávallt opin.

Þeir foreldrar sem tekið var viðtal við óttast félagslega einangrun barna sinna innan MH, þar sem viðveran í listdansinum sé mikil sé erfitt að eignast vini utan hans. Nemendur eru í tímum í danssal MH en aðeins eftir að öðru skólastarfi er lokið og því er sýnileiki listdansnemenda innan MH lítill. Einnig er það tilfinning foreldra að gildi námsins á listdansbrautinni sé ekki virt á sama hátt og nám á öðrum brautum innan MH. Þetta birtist meðal annars í því að stundataflan komi seint og erfitt sé að fá henni hliðrað. Þetta geti komið niður á sjálfsmynd og sjálfstrausti nemenda.

Bæði foreldrar og nemendur sem rætt var við upplifa að þó nokkur aðstöðumunur sé á þeim tveimur brautum sem reknar eru við skólann. Betra eða “flottara” sé talið að vera á klassísku brautinni og að viðhorfið sé að nútímadansbrautin sé að hún sé

einskonar afgangsstærð, fyrir þá sem ekki geta orðið ballettdansarar. Nemendur á nútímadansbraut upplifa að nemendum á klassísku brautinni sé bæði gefinn meiri tími og rými og að meiri rækt sé lögð við að sinna sérþörfum þeirra. Undir þetta taka nemendur á klassískri braut. Til að mynda fái ekki allir nemendur sömu hjálp og stuðning við að sækja um skóla erlendis. Nemendur á klassískri braut fái betri tíma í stundatöflu skólans, þegar komi að æfingatíma á sviði í leikhúsi fyrir lokasýningar fái klassíska brautin einnig mun meiri tíma til æfinga. Nemendur á klassísku brautinni megi sækja tíma á nútímadansbrautinni en það sama gildi ekki um nemendur nútímadansbrautarinnar. Þegar færa þurfi kennslu út úr húsi vegna skorts á aðstöðu séu það oftast nemendur nútímadansbrautar sem sækja þurfi tíma annars staðar. Sólókeppni sé haldin fyrir nemendur á klassísku brautinni þar sem hver nemandi fær einkaþjálfun. Ekkert sambærilegt sé gert fyrir nemendur á nútímadansbraut.

Þar sem saga LÍ er svo samofin uppbyggingu listdanskennslu (klassískrar) hérlendis er sérlega mikilvægt fyrir forsvarsmenn LÍ að gæta stöðugt að jafnræði á milli deilda innan skólans, bæði hvað varðar námsframboð, aðstöðu sem og þjónustu við nemendur. Hvetja úttektaraðilar stjórnendur LÍ til að vera vakandi yfir þessum þætti, hér eftir sem hingað til.

5.4 Húsnæði og aðbúnaður

Listdanskóli Íslands hefur yfir þremur danssölum að ráða sem útbúnir eru góðu fjaðrandi gólfi með dansdúk, speglum, ballettstöngum og píanói. Tveir af þremur sölum eru á jarðhæð og þar er dagsbirta nægjanleg en einn salanna er í kjallara og er þar aðeins lítill gluggi og dagsbirta takmörkuð. Starfsemi Listdanskóla Íslands hefur þegar sprengt núverandi húsnæði skólans utan af sér. Leigja þarf sali víðsvegar um borgina til þess að koma stundaskrá skólans heim og saman, meðal annars hjá Íslenska dansflokknum, MH, Dansverkstæðinu og Listaháskóla Íslands. Þetta komi róti á nemendur að sögn kennara skólans og nemenda auk þess sem möguleikar í kennslu og sjálfsnámi takmarkast af þessari stöðu. Auk þessa leigir skólinn sýningaraðstöðu í leikhúsunum t.a.m. Borgarleikhúsinu fyrir lokasýningu skólans að vori. Búningsklefar og sturtuaðstaða er góð en gæti verið rýmri. Lítil sem

engin aðstaða er fyrir nemendur skólans til upphitunar fyrir og kælingar líkamans í lok kennslustundar eða til að setjast niður. Eldhús með takmarkaðri aðstöðu er fyrir hendi fyrir nemendur og kennara.

Langtímaplön um nýtt húsnæði eru ekki uppi á borðinu. Að sögn stjórnenda þykir áhættan sem þeirri fjárfestingu fylgir of mikil þegar samningar um fjármögnun skólans eru aðeins gerðir til 3 ára. Bent er á að listdansmenntun á framhaldsskólastigi megi ekki standa og falla með að einstaklingur hafi þrek og fjármagn til að stofna og reka skóla, sem svo hætti störfum þegar viðkomandi aðili stígi út af sviðinu. Tryggja verði rekstur og aðbúnað svo að langtímapróun sé möguleg.

5.5 Rekstur og fjárhagur

Þau gögn sem lágu til grundvallar stöðu rekstrar og fjárhags Listdanskóla Íslands voru ársreikningar árána 2012-2014. Rekstrartekjur LÍ hafa verið nokkuð stöðugar frá 76,7 - 83,7mISK á tímabilinu, og er rekstur hans því sá næst umfangsmensti listdanskólanna fjögurra, að JSB undanskildum. Af rekstrartölum að dæma hefur rekstur skólans verið mjög erfiður undanfarin ár og rekstrarhagnaður einungis náðst tvisvar sl. fjögur rekstrarár (2011 og 2014) og þá mjög takmarkaður (1-2% af tekjum).

Veltufjárhlutfall hefur verið mjög lágt á tímabilinu og eigið fé neikvætt. Handbært fé frá rekstri hefur reynst mjög takmarkað undanfarin rekstrarár (neikvætt um 5,6mISK 2012) og handbært fé í árslok síðustu rekstrarára lítið sem ekkert.

Listdanskóli Íslands: Yfirlit rekstrar- og fjárhagskennitalna 2011-2014⁶:

⁶ Ársreikningar Listdanskóla Íslands 2012-2014. Rekstrarár Listdanskóla Íslands nær frá 1. ágúst til 31. júlí ár hvert.

	2011	2012	2013	2014
Tekjur:	76.721.193	77.393.939	78.152.557	83.677.804
Rekstrarhagnaður (%):	1%	-7%	-2%	2%
Veltufjárhlutfall:	0,159	0,393	0,069	0,095
Eiginfjárhlutfall (%):	< 0%	< 0%	< 0%	< 0%
Handbært fé frá rekstri:	1.537.039	-5.609.593	403.615	1.028.135
Handbært fé í árslok:	510.442	0	0	0

Að sögn forsvarsmanna LÍ er fjármögnun skólans verulega ábótavant og ágerðist umtalsvert með fækkun ársnemendaígilda fyrir núverandi skólaár úr 45 í 36. Skólastjóri segist hafa talað fyrir því í samskiptum við yfirvöld að fjármögnun útfrá nemendaígildum væru ófullkomin nálgun þar sem kostnaður við kennslu væri sá sami hvort sem kennt væri hópi fimm nemenda eða fimmtán. Frekar ætti að reikna út raunkostnað við kennsluna útfrá námskrá framhaldsstigs og greiða skólum þá t.d. eftir einingafjölda eða fjölda kennslustunda.

5.6 Mat úttektaraðila

Listdanskóli Íslands er sá skóli sem byggir á grunni listdansmenntunar á Íslandi frá því um miðbik 20. aldar og ber að virða sem slíkan. Á hinn bóginn er jafn mikilvægt fyrir skólann að mati úttektaraðila að vera áfram sífellt vakandi fyrir straumum og stefnum í faginu þar sem ákveðin ógn geti falist í því að byggja um of á fastmótuðum hefðum. Einkum með hliðsjón af því að mjög gott og framsækið starf sé einnig unnið í öðrum listdanskólum á framhaldsstigi hérlendis.

Að mati úttektaraðila er námsframboð og kennsla á framhaldsstigi við LÍ mjög góð og uppfyllir gildandi kröfur sem gerðar eru til listdansánáms. Hins vegar er mikilvægt að viðhalda skarpri framtíðarsýn við skólann með reglulegu endurmati, þ.e. gæta að því að hefðin verði ekki helsta sérstaðan, og tryggja jafnframt eftir megni jafnvægi í námsframboði og kennslu á milli námsbrautanna tveggja á framhaldsstigi. Listdansnám gerir miklar kröfur til nemenda, sérstaklega til þeirra sem stefna á frekara nám í klassískum listdansi t.d. þegar kemur að kennslu í tásóm. Huga

mætti að því að hefja táskókennslu fyrr við LÍ og auka vægi þeirrar kennslu jafnt og þétt eftir því sem líður á námið á framhaldsstigi. Einnig gæti aukin aðkoma gestakennara sem og aukin endurmenntun núverandi kennara verið umhugsunarefni fyrir forsvarsmenn skólans.

Stjórnendur þurfa að gæta þess að upplifun bæði nemenda og foreldra við skólann verði ekki sú að ójafnvægi gæti í námi og aðstöðu á milli brautanna tveggja. Nokkuð bar á slíkum viðhorfum í viðtölum úttektaraðila við fulltrúa beggja hópa. Almennt ríkti þó mikil ánægja með skólann, stjórnendur og kennara.

Rekstrarumhverfi LÍ, líkt og annarra listdansskóla á framhaldsstigi, hefur verið ófullnægjandi amk. frá 2012. Taprekstur, lágt eiginfjárlutfall og lítið sem ekkert handbært fé frá rekstri hefur einkennt rekstur undanfarinna ára. Fækkun nemendaígilda á framhaldsstigi úr 45 í 36 hefur gert stöðuna sérstaklega krefjandi fyrir stjórnendur LÍ. Ljóst er að bregðast þarf við rekstrar- og fjárhagsstöðu skólans, og framhaldsstigsins í listdansi í heild, hið fyrsta og lýstu stjórnendur LÍ fullum vilja til samstarfs við stjórnvöld í því verkefni.

Fram kom skýr vilji forsvarsmanna LÍ að best væri að slíta formleg eignatengsl á milli skólans og LHÍ. Þau ættu sér sögulegar forsendur frá breytingu á rekstrarformi listdansskóla en væru ekki heppileg ef tryggja ætti bæði faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði LÍ til framtíðar. Úttektaraðilar er sammála þessu og hvetja til þess að ofangreindum aðskilnaði verði hraðað eftir megni, mögulega með aðkomu stjórnvalda ef þurfa þykir. Mikilvægt er þó að gæta ávallt að því að mögulegar breytingar tryggi jafnræði allra listdansskóla á framhaldsstigi.

6 Danslistaskóli JSB

6.1 Stjórnun og skipulag

Jazzballettskóli Báru var formlega stofnaður árið 1967 og hefur starfað óslitið síðan. Stofnandi skólans og fyrsti kennari var Bára Magnúsdóttir, núverandi skólastjóri og eigandi Danslistaskóla JSB og Dansræktar JSB. Haustið 2006 hóf skólinn kennslu í listdansi í samræmi við aðalnámskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis í listdansi, til viðbótar við tólmstundamiðað jazzballettnám við allra hæfi sem skólinn hefur sinnt frá stofnun auk líkamsræktar.

Stjórn skólans er skipuð þremur einstaklingum: Báru Magnúsdóttur skólastjóra Danslistarskóla JSB og eigandi Dansræktar JSB, Irmu Gunnarsdóttur aðstoðarskólastjóra og Önnu Norðdahl starfsmannastjóra JSB. Aðrir lykilstjórnendur eru þrír fagstjórar í klassískum ballett, nútímadansi og jazzballett. Við skólann starfa um 16-18 kennarar að jafnaði, þar af 12 á framhaldsskólastigi.

Nemendafélag framhaldsskólastigs er skipað 3 fulltrúum úr hópi nemenda. Val á fulltrúum fer fram með lýðræðislegri kosningu. Fulltrúar nemendafélagsins eiga sæti í skólaráði. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra við nemendur og foreldra. Hlutverk þess er að styðja við skólastarfið, efla jákvæðan skólabrag og fylgjast með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skipan skólaráðs er á ábyrgð skólastjóra. Ásamt skólastjóra skulu að jafnaði sitja 3 fulltrúar nemendafélags (framhaldsskólastig) ásamt 3 foreldrum nemenda af grunnstigi listdansbrautar.

Hlutverk skólans felst í að bjóða vandað listdansnám fyrir börn og unglunga í takt við kröfur samtímans. Leitast er við að mæta þörfum nemenda af umburðarlyndi, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð. Nám á listdansbraut er fyrir þá sem vilja sérhæfa sig og ná lengra í danslistinni. Skólareglur koma fram í skólanámskrá.⁷

Fjöldi ársnemenda á framhaldsstigi við skólann, samkvæmt gildandi samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti frá 2014, eru 21 sem er fjölgun um fjögur

⁷⁷ Skólanámskrá Danslistarskóla JSB, bls. 5-6.

nemendaígildi frá fyrri samningi við ráðuneytið (2012). Við upphaf haustannar 2015 voru nemendur á framhaldsstigi listdansbrautar 58 talsins.⁸

Af viðtölum úttektaraðila að dæma var góður andi milli stjórnenda, starfólks, nemenda og foreldra og samskipti virtust góð. Viðtöl eru haldin reglulega með nemendum og foreldrar upplýstir og með gott aðgengi að öllu starfi skólans.

6.2 Kennsla og námsframboð

Í JSB er aðeins boðið upp á kennslu á nútímadansbraut. Náminu er ætlað að stuðla að listrænum þroska og innsæi, líkamlegri vitund, hreyfifærni og hreysti. Jafnframt að hvetja til skapandi hugsunar, efla sjálfstraust og veita þar með dýrmætt veganesti út í lífið.⁹ Sterk menntasýn JSB kemur skýrt fram í viðtölum. Birtist hún í dansgleði nemenda, og sterku danssamfélagi innan skólans sem nemendur, foreldrar, kennarar og stjórnendur eru allir hluti af.

Nám á listdansbraut er rekið í beinu framhaldi af grunnnámi við skólann. Sérstaða nútímadansbrautar JSB er undirstrikuð með tvennum hætti í skólanámskrá. Annarsvegar með aukinni áherslu á jazzdans en jazz áföngum úr aðalnámskrá er skipt upp í fleiri áfanga og þeir gerðir viðameiri hver um sig. Hinsvegar með áherslu á samtímann í nútímadansinum þar sem mikilvæg tenging er fengin við starfandi listamenn í greininni og þær aðferðir og tækni sem eru í brennidepli (sjá skólanámskrá). Til viðbótar við klassískan listdans eiga svo spuni, danssmíði og listdanssona sinn stað innan námskránnar og er það mikilvægt til að stuðla að innsýn og þroska nemenda.

Í lok haust- og vorannar fara fram próf og stöðumat á árangri nemenda á listdansbraut. Prófnefnd er skipuð af 2-3 fagaðilum auk umsjónarkennara. Nemendur fá einkunn við lok hvers áfanga. Einkunnir eru gefnar í heilum tölum á bilinu 1-10. Skólinn hefur sett sér viðmið fyrir einkunnagjöf þar sem útlistað er hvaða

⁸ Greinargerð vegna úttektar mennta- og menningarmálaráðuneytisins á starfsemi Danslistarskóla JSB, dags. 9/9/2015.

⁹ Sjá Skólanámskrá Danslistarskóla JSB.

árangri nemandinn þarf að ná til að ná tiltekinni einkunn. Til viðbótar fer fram símat og fær nemandi umsögn eftir veturinn frá umsjónarkennara sem hefur kennt og fylgt nemanda eftir yfir veturinn. Umsögn tekur mið af frammistöðu, árangri og mætingu yfir skólaárið (sjá skólanámsskrá og vef). Þeir kennarar sem koma að kennslu hvers nemendahóps innan listdansbrautar fyrir sig funda í lok hverrar annar um stöðu framgang nemenda. Í kjölfarið fær hver nemandi einstaklingsviðtal þar sem farið er yfir stöðuna og markmið sett fyrir framhaldið.

Kennarar og stjórnendur funda reglulega um starfsemi skólans. Gæði náms og kennslu við skólann hafa aukist mjög síðustu árin eftir að listdansbrautin var stofnuð að sögn viðmælenda. Þeir gera sér á sama tíma allir grein fyrir hvar veikleikar skólans liggja og unnið er stöðugt að endurbótum. Nemendahópar skólans eru stórir og fjölbreyttir. Það er vilji kennara og stjórnenda að gefa öllum jöfn tækifæri á því að blómstra og rækta eigin styrkleika og hæfileika. Á sama tíma er því velt upp hvort gera þurfi meiri kröfur til hæfni nemenda við inntökupróf í skólann. Á móti kalla nemendur eftir því að gerðar séu meiri kröfur til þeirra í kennslustundum en slíkt getur reynst erfitt í stórum hópum. Kennarar skólans vilja einnig auka kennslu til að ná frekari árangri og hefja hana fyrr á daginn þegar líkaminn er móttækilegri í þjálfun og meiðslahætta minni.

Kennarar skólans hafa mikla trú á starfinu sem fer fram í JSB. Margir þeir sem kenna við framhaldsdeildina eru gamlir nemendur úr skólanum sem farið hafa í framhaldsnám í listdansi hvort sem er við samtímadansbraut Listaháskóla Íslands eða við viðurkennda listaháskóla erlendis og koma svo aftur "heim í JSB". Stundakennarar skólans eru líka háskólamenntaðir, margir starfandi við íslenska dansflokkinn eða sjálfstætt á Íslandi og erlendis. Á sama tíma og sérstaða skólans kallar á þá sértæku þekkingu í kennslu sem aðeins nám við JSB veitir hérlandis verða aðstandendur JSB að vera meðvitaðir um nálægðina sem því fylgir. Beita verður öllum ráðum við að viðhalda gagnrýnni hugsun og sækja hana reglulega út fyrir vegg skólans m.a. í formi fastakennara, stundakennara og gestakennara sem ekki hafa alist upp innan skólans, ráðgjöf og fleira. Ljóst er út frá viðtölum að góð samstaða er hjá kennurum og stjórnendum og að þeir aðilar sem við skólann starfa eru fullir eldmóðs og vilja til að gera enn betur.

6.3 Samskipti og líðan

Að sögn foreldra er skólabragur JSB jákvæður og mikil gagnkvæm virðing borin milli nemenda og kennara. Allt starf skólans fari mjög vel fram á sama tíma og hlutirnir séu heimilislegir og viðmót kennara og stjórnenda hlýtt. Undir þetta taka nemendur sem setja góðan anda ríkja sem geri það að verkum að auðvelt er fyrir nemendur að koma skoðunum sínum og spurningum á framfæri við kennara og stjórnendur skólans. Einnig sé auðvelt að nálgast kennara þegar upp komi vandamál.

Kennarar og aðrir stafsmenn hittast reglulega til að ræða málin á formlegum og óformlegum vettvangi sem skapar góðan vinnuanda. Á kennarafundum eru áherslur skólans lagðar fyrir nýja stunda- og fastakennara, gildi skólans eru útlistuð og eldri kennarar deila reynslu sinni varðandi hvernig nálgast skuli nemendur og foreldra. Opin samskipti milli kennara og stuðningur þeirra á milli skiptir verulegu máli fyrir líðan kennara í JSB.

Nemendaráð skólans hefur það hlutverk að efla félagsandann. Formið á ráðinu er fljótandi og fer það eftir þörfum hverju sinni að sögn nemenda. Þeir segja félagsandann í skólanum góðan. Mikil vinabönd séu á milli nemenda enda séu þeir saman öllum stundum. Þrátt fyrir að líðan sé almennt góð hjá nemendum vilja stjórnendur skólans styrkja félagslega þáttinn enn frekar þar sem mikið álag sé á nemendum. Óska þeir eftir nánari samstarfi við námsráðgjafa MH til að ná þessu markmiði. Þeir nemendur sem ekki stunda nám innan MH finna fyrir meiri togstreitu en aðrir nemendur þar sem erfitt er að samræma nám í öðrum skólum við listdansnámið. Þeir segjast þó með þessu læra að skipuleggja sig, annars gengi námið ekki upp. Dagarnir eru langir að sögn foreldra en kennt er fram til klukkan 22.00. Stundaskráin hafi lengst í vetur út af breytingum í hinu almenna skólakerfi. Bæði nemendur og kennarar kalla eftir meira samstarfi við bóknámsskólana og samræmingu stundaskrár. Setja þurfi þarfir nemenda í fyrsta sæti.

Í kennarateymi skólans má einnig finna sérfræðimenntaðan sjúkráþjálfara og sálfræðing sem veitt geta leiðbeiningar um viðkvæm mál sem upp koma svo sem einelti, átröskun. Eineltisstefna er í undirbúningi, verið er að sækja upplýsingar og aðferðir til annara skóla. Stjórnendur JSB kalla eftir því að MH komi inn í þá vinnu

með sína sérþekkingu og sem móðurskóli í listdansi. Þegar kemur að líkamlegri líðan eru haldnir heilsufundir í skólanum um mataræði og meiðsli og er mikill vilji til að gera meira af því. Komi upp meiðsli hjá nemanda er honum beint beint til sjúkráþjálfara.

6.4 Húsnæði og aðbúnaður

Húsnæði skólans er til fyrirmyndar. Hátt er til lofts og vítt til veggja. Fjórir danssalir eru í húsnæðinu, tveir stærri útbúnir fjaðrandi gólfi með dansdúk, speglum og ballettstöngum, og tveir minni útbúnir fjaðrandi gólfi með dúk og speglum. Skólinn leigir einnig danssal hjá Íslenska dansflokknum, í Laugardalshöll og hjá Dansverkstæðinu. Hann hefur áður einnig leigt danssalinn í MH. Þörf er á fleiri sölum. Í húsnæði JSB fer einnig fram líkamsræktarstarfsemi sem tilheyrir aðskildum rekstri. Nemendur skólans, 16 ára og eldri, hafa hins vegar aðgang að vel útbúnum tækjasal sem þeirri starfsemi fylgir til styrktar- og þolþjálfunar, sér að kostnaðarlausu. Búningsherbergi og sturtuaðstaða eru til fyrirmyndar. Setuaðstaða er góð í forsal/anddyri skólans en þar geta nemendur setið til borðs og sinnt heimaverkefnum sínum. Þar er einnig að finna móttöku þar sem hægt er að kaupa heilsusamlega og góða næringu til að viðhalda starfsþreki. Rými fyrir búningageymslu er aðfinnanlega of þröng og kemur ekki til með að fullnægja því sem starfsemi skólans krefst.

6.5 Rekstur og fjárhagur

Þau gögn sem lágu til grundvallar stöðu rekstrar og fjárhags JSB voru ársreikningar árána 2012-2014. Rekstur skólans er sá umfangsmesti skólanna fjögurra útfrá rekstrartekjum, enda starfsemin rótgróin og fjölbreytt til viðbótar við framhaldsstigið í listdansi. Á tímabilinu frá 2011 hafa heildartekjur haldist nokkuð stöðugar frá 155mISK árið 2011 í 167mISK árið 2014. Rekstrarhagnaður hefur verið hjá JSB öll árin, 2-11% af rekstrartekjum árlega.

Reksturinn og þá frekar fjárhagsstaðan hefur þó verið krefjandi á tímabilinu enda veltufjárhlutfall lágt og eiginfjárhlutfall neikvætt. Hins vegar má greina bata úr rekstrartölum tímabilsins með vaxandi rekstrarhagnaði frá 2012 og hefur reksturinn einnig verið að skila jákvæðu handbæru fé öll umrædd rekstrarár.

JSB: Yfirlit rekstrar- og fjárhagskennitalna 2011-2014¹⁰:

	2011	2012	2013	2014
Tekjur:	155.731.124	160.426.581	165.757.569	167.524.213
Rekstrarhagnaður (%):	8%	2%	8%	11%
Veltufjárhlutfall:	0,190	0,103	0,164	0,179
Eiginfjárhlutfall (%):	< 0%	< 0%	< 0%	< 0%
Handbært fé frá rekstri:	8.379.484	1.840.874	1.696.759	4.469.986
Handbært fé í árslok:	1.356.614	523.915	754.077	948.521

Að mati stjórnenda JSB er núverandi framlag ríkisins ekki nægjanlegt til að halda úti kröfuhörðu listdansnámi skv. aðalnámskrá framhaldsskóla. Aukið framlag með bæði grunn- og framhaldsskólastigi í listdansi er nauðsynlegt til að tryggja tilveru listdansnámsins. Stjórnendur JSB telja að núverandi framlag til framhaldsstigsins í listdansi þurfi að hækka um u.þ.b. 30%.¹¹

Í dag er Listdansbraut JSB rekin sem hluti af annarri starfsemi innan fyrirtækisins og hefur Dansrækt JSB fóstorað þennan vaxtarsprotu. Mikill vilji er til að styrkja og breyta rekstrargrundvelli brautarinnar til hins betra. Framtíðarsýn skólastjórnenda JSB er sú að Listdansbraut JSB geti starfað sem sjálfstæð rekstrareining, óháð rekstri Dansræktar JSB og kom fram skýr vilji stjórnenda til samvinnu með yfirvöldum til að skapa skilyrði til þess.

¹⁰ Ársreikningar JSB 2012-2014.

¹¹ JSB – Kostnaðargreining listdansbrautar, vinnuskjal stjórnenda.

6.6 Mat úttektaraðila

Danslistaskóli JSB er skóli með sterkan tilverurétt. Rætur skólans rista djúpt og ná nær hálfa öld aftur í tímann. Stefna skólans og áherslur á nútíma- og jazzdans eru skýrar og skera sig úr öðru námsframboði í listdansi á framhaldsskólastigi.

Að mati úttektaraðila er JSB skóli sem er í stöðugri leit að betri nálgun í námi, kennslu og skipulagi og þar af leiðandi að betri árangri og auknum gæðum. Þekking hefur verið byggð upp innan skólans um langa hríð og tekið stökk síðastliðin tíu árin samhliða uppbyggingu náms á framhaldsstigi. Tækifæri felast í því að víkka út samstarfið við kjarnaskólann MH og nýta þá sérfræðipekkingu sem þar býr til að gera JSB að enn sterkari skóla.

Mikill og kraftur og gleði einkennir alla starfsemi skólans. Áþreifanleg er andagift frumkvöðulsins og leiðtoga skólans Báru Magnúsdóttir, hvernig hún hríslast niður alla skipulagsheildina og líkamnast að lokum í nemendum og dansi þeirra í sölum skólans. Á sama tíma virðist stefna skólans orðin sjálfbær þar sem perónutengsl Báru við skólann hafa verið rofin með sterkum hópi stjórnenda, og er það vel.

Mikilvægt er fyrir JSB að halda stöðugt áfram þeirri leit sem skólinn er í á listdansbrautinni. Gæta þarf að því að nemendur og kennarar verði ekki of heimakærir, en leiti þess í stað sífellt út að nýrri þekkingu, viðmiðum og gagnrýnni hugsun og færi hana heim í JSB. Skoða þarf markvisst hvernig hægt sé að nýta reglubundið gestakennara og aðra utanaðkomandi fagaðila til frekari ígrundunar á starfsemi skólans. Einnig má huga að leiðum til að auka kröfur í náminu án þess að álag aukist á nemendur.

Sú aðstaða sem JSB býður upp á er ein sú besta sem fyrirfinnst hérlendis. Helst þyrfti skólinn að geta bætt við sig sölum til að nám og kennsla geti farið fram á einum stað og á dagtíma. Slíkt dregur úr andlegu og líkamlegu álagi á nemendur og eykur þar með listrænan og tæknilegan árangur þeirra.

Rekstrarumhverfi Danslistaskóla JSB, líkt og annarra listdansskóla á framhaldsstigi, hefur verið krefjandi. Veltuhlutfall hefur verið lágt og eiginfjárhlutfall neikvætt þó greina megi bata með vaxandi rekstrarhagnaði frá 2012 og jákvæðu handbæru fé.

Danslistaskóli JSB er í dag rekin sem hluti af annarri starfsemi innan fyrirtækisins, þ.e. Dansrækt JSB. Fram kom í viðtölum við forsvarsmenn JSB að óskastaðan væri sú að Danslistaskóli JSB geti starfað sem sjálfstæð rekstrareining, óháð rekstri Dansræktar JSB. Til þess þyrfti að auka framlag ríkisins með framhaldsskólastiginu í listdansi sem og tryggja framlag sveitarfélaga með grunnnáminu. Skýr vilji stjórnenda JSB kom fram til samvinnu með yfirvöldum til að skapa skilyrði til þess. Danslistaskóli JSB hefur alla burði til að þróast áfram sem fyrirmyndar listdansskóli á framhaldsstigi.

7 BRYN Ballet Akademían

7.1 Stjórnun og skipulag

Listdansskólinn opnaði í Reykjanesbæ árið 2008 í íþróttahúsinu við Flugvallarbraut á Ásbrú. Samkvæmt skólanámskrá er stjórn skólans skipuð þeim Bryndísi Einarsdóttur, eiganda og skólastjóra, Nilsínu Larsen Einarsdóttur, deildarstjóra og Ingigerði Sæmundsdóttur.

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahaldið. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans. Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs, en auk hans skipa ráðið tveir fulltrúar kennara, tveir fulltrúar nemenda og tveir fulltrúar foreldra. Samkvæmt skólanámskrá er einnig starfrækt fagráð við skólann sem á að stuðla að listfengi, samvinnu milli listgreina og lýðræðislegri eflingu samfélagsins.¹²

Framhaldsdeild skiptist í tvær brautir á kjörsviði annars vegar sem klassískur listdans og hins vegar sem nútímalistdans. Þetta tvískipta kjörsvið er hluti af listnámsbraut Fjölbrautarskóla Suðurnesja, þar sem bóklegt nám til stúdentspróf fer fram en verklegt nám (og listdanssögu áfangi) fer fram í Bryn. Skólareglur Bryn má sjá í skólanámskrá skólans. Við skólann starfa alls átta kennarar, auk skólastjóra, og gestakennara.¹³

Meginmarkmið listdansskólans er að mennta listdansara og undirbúa þá fyrir háskólanám á sínu sérsviði eða atvinnumennsku í dansi. Efla færni og þekkingu þeirra sem myndu vilja starfa sem atvinnudansari í klassískum- eða nútímalistdansi eða hafa atvinnu sem danshöfundur, dansfræðingur, rannsakandi á sviði danslista, dansgagnrýnandi, listdanskennari, kennslufræðingur í listdansi og svo lengi mætti telja. Stefna skólans er að leggja sérstaka áherslu á að styðja við framþróun nýrrar dansþekkingar af krafti og stuðla að skilningi á færni, styrkleika líkamans og

¹² Bryn Ballett Akademían, Skólanámskrá, bls. 4.

¹³ <http://www.bryn.is/#/starfsfolk/kennarar>

listrænni tjáningu einstaklingsins, undir faglegri og metnaðarfullri leiðsögn. Hlúa að jákvæðni, sjálfstrausti og öryggi nemenda, efla samskipti, sjálfsaga og virkja dansgleði nemenda sinna.¹⁴

Fjöldi ársnemenda á framhaldsstigi við skólann, samkvæmt gildandi samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti frá 2014, eru fimm. Það eru fyrstu nemendaígildi sem Bryn var úthlutað frá stofnun skólans. Samkvæmt yfirliti frá stjórnendum eru nemendur á framhaldsdeild á yfirstandandi skólaári 10 talsins.

Af viðtölum úttektaraðila að dæma var mikill vilji stjórnenda, starfólks, nemenda og foreldra til góðra verka og áframhaldandi uppbyggingar námsins.

7.2 Kennsla og námsframboð

Í skólanámskrá BRYN segir að stefna skólans sé að þjálfa upp atvinnudansara en einnig að hlúa að jákvæðni, sjálfstrausti og öryggi nemenda, efla samskipti, sjálfsaga og virkja dansgleði nemenda sinna. Í skólanum er boðið upp á nám í listdansi á tveimur línunum, klassískri listdansbraut og nútímalistdansbraut. Við lok náms á listdansbraut eiga nemendur að hafa öðlast nægilega þekkingu og færni til að stíga fyrstu skrefin sem atvinnudansarar eða hefja frekara dansnám á háskólastigi hérlendis eða erlendis.¹⁵ Starfið innan skólans er rekið af miklum metnaði, hugsjón og eldmóð. Litið er á skólann sem menntastofnun en ekki tómtundarúrræði, og hefur skólinn menntað fjölmarga nemendur á svæðinu.

Nám á listdansbraut á framhaldsskólastigi er rekið í beinu framhaldi af grunnnámi við skólann. Um er að ræða hefðbundið dansnám og fylgir þeim línunum sem lagðar eru í aðalnámskrá. Hlutverk skólans er að nemendur fái að upplifa listina, því er innan hans fyrst og fremst verið að þjálfa listdansara. Ólíkt því sem lesa má í skólanámskrá og á vefsíðu skólans kemur fram í viðtölum að í dag megi aðeins finna nemendur á nútímadansbraut við skólann. Auk þess eru aðeins nemendur á fyrsta námsári skólans en annað og þriðja námsár er ekki kennt enn sem komið er

¹⁴ http://www.bryn.is/#/um_skolann/saga_skolans

¹⁵ Bryn Ballett Akadémían, Skólanámskrá, bls. 7.

þrátt fyrir að viðurkenning skólans hafi fengist árið 2011. Frá 2011 til 2015 voru einungis kenndar valeiningar í skólanum, eða þangað til samningur kom til við MH. Að sögn stjórnenda er skólinn í þessari stöðu þar sem ekki er til fjármagn til að reka fullt nám. Í framtíðinni, samhliða fjölgun nemendaígilda til skólans, er stefnt á að fjölga árgöngum og setja á laggirnar klassíska braut en trúin á klassíska tækni og þjálfun hennar er áþreifanleg innan skólans og segir skólastjórinn framtíðina jafnvel vera ný-klassíska.

Nemendur BRYN á framhaldsskólastigi stunda bóklegt nám við Fjölbautaskóla Suðurnesja (FS). Eru þetta kjöraðstæður þar sem of mikill tími og kostnaður myndi fylgja því að sækja nám til Reykjavíkur að sögn foreldra. Listdansbraut fellur vel inn í listnámsbraut FS sem skilgreind er sem þriggja ára námsbraut. Samstarf við FS gerir nemendum á listdansbraut ekki aðeins kleift að stunda nám í heimabyggð heldur skapar einnig þeim nemendum sem skráðir eru á bóknámsbraut eða starfsnámsbraut möguleika að taka valgreinar í BRYN til eininga, ekki hefur þó verið greitt fyrir einingar í vali.

Þeir sem hyggja á nám við BRYN þreyta til þess inntökupróf. Inntökuprófið samanstendur af klassískum ballett og nútímalistdansi þar sem skólastjóri og kennarar meta hæfni umsækjanda. Þeir umsækjendur sem þykja hæfir eru í framhaldinu kallaðir til viðtals.¹⁶ Próf eru þreytt tvisvar á ári, á haustin og vorin við lok hvers áfanga þar sem metið er hvort nemandi hafi náð tæknilegum tókum á námsefni með hliðsjón af markmiðum aðalnámskrá.¹⁷ Fram kemur í viðtölum að skólastjóri og kennarar skólans skipi prófnefnd og veita einkunn eftir próf í formi tölustafs og umsagnar. Einnig fá nemendur námsviðtöl hjá skólastjóra þar sem farið er yfir framfarir þeirra í náminu og þeim gert að setja sér markmið fyrir áframhaldandi nám við skólann.

Fyrstu ár skólans sá Bryndís skólastjóri um alla kennslu. Kennarahópurinn hefur farið stækkandi síðan að nútímadansbraut var stofnuð við skólann en hvílir þó samt sem áður enn á herðum fárra og tilölulega óreyndra kennara. Með vaxandi

¹⁶Bryn Ballett Akadémían, Skólanámskrá, bls. 3.

¹⁷Bryn Ballett Akadémían, Skólanámskrá, bls. 8.

kennarahópi, er þó mögulegt að auka sérþekkingu innan skólans jafnt og þétt og þar með gæði náms og kennslu. Samkvæmt viðtali við kennara skólans eru vikulegir kennarafundir óformlegir og starfsmannafundir aðeins skipulagðir tvisvar sinnum á ári. Enginn formlegur vettvangur er skipulagður fyrir kennara innan skólans til að skiptast á reynslu og þekkingu. Út frá viðtali við kennara skólans er ástæða til að efast um að í kennarahópnum sé sú þekking og reynsla til staðar sem nauðsynleg er skólanum til að setja fram listdansnám á framhaldsstigi samkvæmt aðalnámskrá. Skortur á innsæi og reynslu sem nauðsynleg er þegar kemur að því að skapa gagnrýna umræðu um nám og kennslu og framþróun hennar innan skólans, er tilfinnanlegur. Listdansnám á háskólastigi eða reynsla sem atvinnudansari þarf að vera lágmarkskrafa til þeirra sem mennta nemendur í listdansi á framhaldsskólastigi, í takt við aðalnámskrá sem hefur það að markmiði að mennta atvinnudansara eða undirbúa nemendur til frekara dansnám á háskólastigi.

Skort á kennurum við BRYN með háskólamenntun í listdansi og reynslu sem atvinnudansarar má rekja til samverkandi þátta s.s. staðsetningu skólans og skort á fjármagni. Einungis einn menntaður kennari með listdansmenntun og reynslu sem nýtist í skólstarfinu er búsettur í Reykjanesbæ þ.e. Bryndís sjálf. Mikill kostnaður fylgir því að sækja kennara með háskólamenntun í listdansi eða reynslu af atvinnuvettvangi til Reykjavíkur. Vegna þessa er meðal annars ekki kennd listdanssaga við skólann og fer tæknikennsla eftir því hvaða kennarar eru tiltækir.

Klassískur ballett er ein þeirra listreina sem margir finna sig kallaðir til en fáir geta gert að sinni. Til þarf nær óteljandi hæfileika sem saman þurfa að koma í einni manneskju. Ballettdansari nútímans þarf að vera tæknilega sterkur, skapandi og þorinn í leit að sinni eigin rödd og tjáningu. Til að ná þessu takmarki í námi þarf að gera miklar kröfur til líkamlegrar og andlegrar hæfni nemandans. Innan nútímadansins er það ríkjandi krafa að einstaklingurinn þarf að vera fjölhæfur, skapandi og sterkur einstaklingur. Hann þarf að getað þroskað tæknilega sitt eigið "verkfæri" líkamann sem og þá hlið sem lífur að tjáningu og sköpun. Hann þarf að vera leitandi og óhræddur við að brjóta hefðbundin lögmál og skapa ný. Allt þetta krefst ekki einvörðungu líkamlegrar þjálfunar heldur stöðugar fræðslu og kynni við óhefðbundna hugsun.

Heimurinn er á stöðugri hreyfingu og breytist hratt. Einnig dansheimurinn. Þær kröfur sem gerðar eru í dag til getu dansarans, hvort sem hann er þjálfaður í nútímadansi eða í klassískum ballett eru enn fleiri, margþættari og strangari en nokkru sinni fyrr. Það er skylda hvers skóla að meta raunsætt hvort sú kennsla sem hann getur boðið upp á skapi nemendum hans möguleika til framhaldsnáms eða atvinnumennsku í þeirri listgrein sem þeir stunda nám við. Það listdansnám sem fer fram innan BRYN uppfyllir enn sem komið er ekki þær kröfur sem gera þarf til listdansnáms og -kennslu á framhaldsskólastigi. Skólinn á hinsvegar fullan rétt á sér sem slíkur og uppfyllir mikilvæga menningarlega og félagslega þörf á svæðinu.

7.3 Samskipti og líðan

Ljóst er að BRYN Akadémían skipar annað og stærra hlutverk í Reykjanesbæ en einungis sem menntastofnun. Reykjanesbær hefur átt nokkuð undir högg að sækja í atvinnulegu og þ.a.l. félagslegu tilliti undanfarin ár að sögn viðmælenda. Fram kemur í svörum þeirra að samfélagslegt hlutverk skólans er ekki síður mikilvægt en menntahlutverk hans. Við skólann starfar í hlutastarfi félagsfulltrúi sem sér um samskipti innan skólans og þau félagslegu mál sem koma upp s.s. forvarnarmál. Hægt er að sækja stuðning til forvarnarfulltrúans sem er mikilvægt þeim einstæðu foreldrum sem eiga börn í skólanum en skólinn er besta forvörn sem foreldrar sem rætt var við hafa upplifað. Nemendum er innprentaður agi og það er farið yfir svefn og mataræði og líkamlega hirðu. Skólastjórinn hefur einnig aðstoðað foreldra við að takast á við vanlíðan barna þeirra og farið inn á heimili í samráði við foreldra. Bæði foreldrar og nemendur tala um hvernig skólinn og starfið innan hans hafi byggt upp sjálfstraust þeirra og jákvæða sjálfsmynd, hjálpað til við að vinna gegn kvíða og skapa þeim innri frið. Skólastjóri BRYN Akadémiunnar hefur einnig aðstoðað fjárhagslega þá foreldra sem ekki hafa ráð á að greiða skólagjöld barna sinna. Til viðbótar hefur hún skaffað nemendum námsgögn eins og ballettskó, sem nemendur hafa gefið skólanum og nýst hafa öðrum efnaminni nemendum. Allt, að eigin sögn, til að skapa þeim sömu tækifæri í lífinu og aðrir sem betur að vígi standa fá. Skólinn

er eins og lítil fjölskylda þar sem allir standa saman og vinna að því að gera starfið mögulegt.

Þakklæti foreldra og nemenda í garð skólans kemur skýrt fram í viðtölum. Þeir eru einstaklega ánægðir með það viðmót og þá hlýju sem þeir finna frá starfsfólki skólans. Velta þarf þó upp þeirri spurningu hvort sú mikla nálægð sem finna má milli nemenda, foreldra og skólastjóra sé skynsamleg. Afskipti eins og þau sem fara fram innan skólans geta verið tvíbent. Í því umhverfi sem skólinn fyrirfinnst er rík þörf fyrir þá sterku tengingu við nærsamfélagið og þá persónulegu þjónustu sem skólinn býður upp á. Á sama tíma þarf vissa fjarlægð frá persónulegum aðstæðum nemandans eigi að styrkja og þroska einstaklinginn sem dansara.

7.4 Húsnæði og aðbúnaður

BRYN hefur aðstöðu í fyrrverandi húsnæði bandaríska varnarliðsins á gamla herflugvallarsvæðinu í Reykjanesbæ, nú Ásbrú. Húsnæði BRYN er rúmt og aðstaða góð. Í anddyri má finna ballettbúð þar sem hægt er að kaupa æfingafatnað. Þrír danssalir eru í húsinu, einn stór, og tveir minni, allir með fjaðrandi gólfi og dansdúk og speglum. Aðeins tveir þeirra er með ballettstöngum þar sem ekki hefur verið til fjármagn til að setja upp stangir í öllum sölum. Píanó er í einum sal. Lítið þrekherbergi er til staðar þar sem nemendur geta stundað styrktarþjálfun. Lítið dansbókasafn er í húsinu þar sem finna má ýmsar ballettbækur, -tímarit og upplýsingar um dansnám á háskólastigi. Nemendur hafa aðgengi að eldhúskrók og lítilli setaðstöðu þar sem hægt er að snæða mat og sinna heimalærdómi. Sturtuáðstaða skólans og búningsherbergi eru fín. Einnig búningageymsla. Skólinn leigir leikhús á Ásbrú til afnota fyrir vorsýningar í lok skólaárssins. Kalt getur orðið í húsakynnum skólans og danssal þegar vindátt er óhagstæð. Umhverfi skólans og aðkoma er ekki aðlaðandi en andrúmslofið inni er hlýlegt.

7.5 Rekstur og fjárhagur

Þau gögn sem lágu til grundvallar stöðu rekstrar og fjárhags BRYN voru ársreikningar árána 2012-2014. Rekstrartekjur skólans hafa verið frá 8,7mISK árið 2011, um 12mISK bæði árin 2012 og 2013 og loks 9,9mISK 2014. Er rekstur skólans því sá lang umfangsminnsti listdansskólanna fjögurra. Af rekstrartölum að dæma hefur rekstur skólans verið mjög erfiður frá upphafi og rekstrarhagnaður aldrei náðst á tímabilinu.

Veltufjárhlutfall hefur verið mjög lágt á tímabilinu og eigið fé ávallt neikvætt. Handbært fé frá rekstri hefur reynst mjög takmarkað undanfarin rekstrarár og handbært fé í árslok á tímabilinu ekkert.

BRYN: Yfirlit rekstrar- og fjárhagskennitalna 2011-2014¹⁸:

	2011	2012	2013	2014
Tekjur:	8.768.819	12.010.460	12.495.149	9.901.298
Rekstrarhagnaður (%):	-33%	-18%	-5%	-2%
Veltufjárhlutfall:	0,545	0,362	0,026	0,019
Eiginfjárhlutfall (%):	< 0%	< 0%	< 0%	< 0%
Handbært fé frá rekstri:	-302.004	128.398	-263.202	144.556
Handbært fé í árslok:	42.490	0	0	0

Ljóst er að verulegs viðsnúnings rekstrarforsenda er þörf til að rétta megi við taprekstur og veikan fjárhag BRYN. Umhugsunarvert er hvort að einungis fimm ígildi ársnemenda listdansnema á framhaldsstigi skapi nægilega traustan rekstrargrunn á grundvelli gildandi krafa aðalnámskrár framhaldsskóla. Ofangreindar tölur benda til að það geti reynst ansi þungur róður, en ársreikningur 2015 mun væntanlega gefa vísbendingu um það.

¹⁸ Ársreikningar BRYN 2012-2014.

7.6 Mat úttektaraðila

BRYN er sá skólanna fjögurra með skemmsta rekstrarsögu og byggir ekki starfsemi framhaldsdeildar á áratuga grunni danskennslu líkt og hinir skólarnir þrír. Yfirstandandi starfsár (2015/2016) er til að mynda fyrsta árið sem skólinn nýtur greiðslu frá ráðuneytinu á grundvelli nemendaígilda á framhaldsstigi (5 ársígildi). Í raun er skólinn því að stíga sín fyrstu skref í uppbyggingu listdanskennslu, með frumkvöðlakraft og þekkingu forsvarsmanna skólans að vopni. Mikilvægt er að hafa þessa ólíku stöðu skólanna í huga við allan samanburð.

Til viðbótar við eldmóð, reynslu og þekkingu forsvarsmanna skólans má segja að grunnur starfseminnar liggja að einhverju leyti í rúmgóðri aðstöðu skólans á próunarsvæði Kadeco að Ásbrú á Keflavíkurflugvelli. Hún er til fyrirmyndar. Jafnframt er það álit úttektaraðila að mikil þörf sé fyrir þá þjónustu sem BRYN býður uppá á svæðinu. Kom það skýrt fram í viðtölum bæði við foreldra og nemendur.

Hins vegar má efast um að núverandi umgjörð framhaldsdeildar BRYN sé fullnægjandi til þess að skólanum sé mögulegt að uppfylla gildandi námskröfur sem og að skapa sér ásættanlegan rekstrargrundvöll. Endurspeglast þessi staða m.a. í takmörkuðu námsframboði, erfiðleikum við að byggja upp reynslumikinn kennarahóp og fámennum og getulega blönduðum nemendahópum á framhaldsstigi.

Að mati úttektaraðila er óraunhæft að ætlast til þess af stjórnendum BRYN að byggja upp nám á framhaldsstigi sem uppfyllir gildandi kröfur á grundvelli núverandi fjármögnunar. Annað hvort þarf að fjölga nemendaígildum umtalsvert hið fyrsta eða þróa áherslur og námsframboð í aðrar áttir. Hallast úttektaraðilar að seinni kostinum.

Úttektaraðilar telja mikilvægt að stjórnvöld móti skýr opinber viðmið um hvaða forsendur teljist nauðsynlegar til að uppfylla núgildandi kröfur um framhaldsstig í listdansi. Ljóst er að allir skólarnir fjórir, og þá sérstaklega BRYN, telja framhaldsstigið undirfjármagnað við núverandi aðstæður. Skýr samhljóða krafa kom einnig fram um að huga að tryggari fjármögnun á grunnstigi listdansins, þá væntanlega í samráði við forsvarsmenn sveitarfélaganna. Samhliða ofangreindri stefnumótun telja úttektaraðilar áhugavert að huga sérstaklega að fjármögnun 1.

hæfnisþreps á framhaldsstigi, t.d. með fjárstuðningi við valáfanga á framhaldsstigi. Þetta gæti verið sérstaklega áhugavert fyrir BRYN, sem og aðra skóla sem sýnt hafa góðan árangur á grunnstigi, til að mynda á Akureyri og Ísafirði.

Þörfin fyrir starfsemi BRYN á starfsvæði sínu er mikil að mati úttektaraðila, líkt og fram hefur komið. Dansinn hefur þegar reynst fjölmörgum nemendum og fjölskyldum þeirra mikilvægur á stuttum starfstíma skólans. Þótt efast megi um að listdanskennsla á framhaldsstigi sé endilega rétt áhersla, bæði m.v. núverandi kröfur skv. aðalnámskrá og takmarkaðri fjármögnun, leggja úttektaraðiliar mikla áherslu á að gætt verði sérstaklega að þeim vaxtarbroddi sem BRYN hefur reynst vera ef/þegar ráðist verður í breytingar á núverandi fyrirkomulagi.

8 Heimildaskrá

- Aðalnámskrá framhaldsskóla 2006
- Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011
- Lög um framhaldsskóla #92/2008
- Lög um fjárreiður ríkissjóðs #88/1997
- Skólanámskrár listdansskóla á framhaldsstigi (4)
- Heimasíður listdansskóla á framhaldsstigi:
 - BRYN: www.bryn.is
 - JSB: <http://jsb.is/danslistarskoli/>
 - KL: www.ballett.is
 - LÍ: <http://listdans.is/>
- Viðtöl við hagsmunaaðila listdansskóla á framhaldsstigi, framkvæmd í október 2015.
- Ýmis gögn frá stjórnendum skólanna.